



Borgarráð

Tillaga um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns

Lagt er til að borgarráð samþykki að starfsemi Borgarskjalasafns taki breytingum í samræmi við valkost þrjú í meðfylgjandi skýrslu KPMG um framtíðarhögun á starfsemi safnsins og verði verkefninu flýtt einsog kostur er. Tillagan felur í sér að skilgreind lögbundin verkefni þess verði flutt til Þjóðskjalasafns Íslands. Þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að fylgja ákvörðuninni eftir m.a. með því að ganga frá samkomulagi um útfærslu og framkvæmd við Þjóðskjalasafn. Verkefni sem snúa að menningarmiðlun verði flutt til Borgarsögusafns og/eða annarra menningarstofnana á menningar- og íþróttasviði skv. nánari útfærslu. Í tillögunni felst því að Borgarskjalasafn verður lagt niður í núverandi mynd.

Greinargerð:

Á fundi borgarráðs 1. september 2022 var lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 25. ágúst 2022, sbr. samþykkt stafræns ráðs frá 24. ágúst 2022 um tillögu að stefnumótun fyrir framtíðarhögun starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Í bréfinu var einnig lagt til að skoðuð yrðu tækifæri til nánara samstarfs og/eða frekari þjónustukaup frá Þjóðskjalasafni Íslands. Við samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 var ennfremur samþykkt að *hlutverk og verkefni Borgarskjalasafn verði endurskoðuð m.t.t. þeirra breytinga er rafræn langtímavarðveisla hefur í för með sér en einnig hvað varðar önnur hlutverk og verkefni safnsins. Lagt verði mat á samstarfs- eða sameiningarmöguleika í því sambandi sem og hugsanlegan tilflutning verkefna. Horft verði til þeirra sviðsmyndagreiningar er nú á sér stað. Tillögur verði tilbúnar fyrir 1. mars 2023.*

Settur var á laggirnar stýrihópur, skipaður starfsfólki Reykjavíkurborgar, sem tók virkan þátt í vinnuferlinu. Leitað var ráðgjafar til KPMG við að greina og leggja fram mögulegar sviðsmyndir að undangenginni greiningu á núverandi fyrirkomulagi, fyrir framtíðarhögun Borgarskjalasafns. Þá var einnig kallað eftir svörum við lögfræðilegum álitamálum. Hefur stýrihópurinn nú skilað af sér valkostagreiningu sem byggir á eftirfarandi grunnforsendum: húsnæði, mannauð, öryggi, stafrænum innviðum, fjármagni og umhverfi.

Ljóst er að núverandi staða safnsins er ekki eins og best verður kosið. Borgarskjalasafn hefur ekki burði til að sinna lagaskyldu sinni svo vel sé miðað við núverandi fyrirkomulag. Rekstrarkostnaður vegna verkefna safnsins mun einnig aukast á næstu árum og taka þarf ákvörðun um hvernig fjármagni er best varið til að mæta auknum kröfum um nútíma langtímavarðveislu. Þá er rík þörf á fjárfestingu í innviðum til að koma starfseminni inn í stafræna framtíð. Einnig þyrfti að óbreyttu að finna Borgarskjalasafni nýtt húsnæði vegna þess að til stendur að flytja safnið úr núverandi húsakosti með stækkun Borgarbókasafns í Grófinni.



Þá er sömuleiðis rík þörf á fjárfestingum í sérhæfðum mannauði og í nýjum tæknilausnum til að varðveita og miðla rafrænum gögnum í langtímavörslu.

Áskoranir í starfsemi Borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafns á næstu árum eru að miklu leyti þær sömu. Því er það talin skynsamleg nýting fjármuna að uppbygging innviða í málaflokki sé á hendi einnar stofnunar sem lögum samkvæmt þjónar þegar landinu öllu, þar með talið þeim sveitarfélögum sem ekki reka héraðsskjalasöfn. Slík tilhögun er líkleg til lengri tíma litið ekki aðeins að skila lægri kostnaði heldur einnig betur sérhæfðum húsakosti til framtíðar, öflugum upplýsingatækniinnviðum, betri nýtingu sérþekkingar og stórbættri þjónustu við almenning, fyrirtæki, og stofnanir.

Sveitarfélögum er heimilt en ekki skylt að starfrækja héraðsskjalasafn. Hlutverk Borgarskjalasafns Reykjavíkur er því skilgreint í samþykkt borgarráðs frá árinu 2006 og staðfest af þjóðskjalaverði 2007. Þá starfar safnið samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglum Þjóðskjalasafns Íslands sem saman mynda ramma um opinbera skjalavörslu og -stjórn, bæði ríkis og sveitarfélaga. Engar lagalegar hindranir eru samkvæmt ofangreindu fyrir því að færa lögbundin verkefni alfarið til Þjóðskjalasafns, né heldur fyrir því að fela Borgarsögusafni og/eða öðrum menningarstofnunum borgarinnar að sjá um fræðslu og miðlun þegar kemur að safnkosti Borgarskjalasafns.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Framtíðarfyrirkomulag Borgarskjalasafns, valkostagreining (KPMG, janúar 2023).

Samþykkt um Borgarskjalasafn (Borgarráð, febrúar 2006).

Umsögn borgarlögmans til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um tillögu um framtíðarhögun starfsemi Borgarskjalasafns, dags. 14.02.2023.



Framtíðarfyrikomulag Borgarskjalasafns

Valkostagreining

Ráðgjafarsvið KPMG

Janúar 2023



Efnisyfirlit

- 4 Samantekt
- 8 Verkefnið
- 14 Borgarskjalasafn Reykjavíkur
- 21 Valkostir
- 45 Viðaukar

Tengiliðir KPMG

Davíð Halldórsson

✉ dhalldorsson@kpmg.is

☎ 545 6134

Hjálmur Hjálmsson

✉ hjalmsson@kpmg.is

☎ 545 6197

Fyrirvari:

Greiningin er unnin af KPMG skv. samkomulagi við Reykjavíkurborg með það að markmiði að leggja fram tillögur að framtíðarfyrirkomulagi Borgarskjalasafns.

KPMG ber ekki skylda til að uppfæra skýrsluna vegna upplýsinga sem fram kunna að koma eftir að skýrslan hefur verið gefin út. Enn fremur ber KPMG ekki ábyrgð á efni skýrslunnar ef upplýsingar sem KPMG voru látnar í té við skýrslugerðina reyndust rangar eða ófullnægjandi. Kostnaðargreining byggir á fyrirliggjandi gögnum og gjaldskráum eins og þær eru í dag sem kunna að breytast í náinni framtíð. Verður því að horfa á alla kostnaðarútreikninga með þær upplýsingar í huga. Í einhverjum tilvikum kann lesandi að vilja nánari upplýsingar eða lýsingar á kröfum í skýrslunni og er það á ábyrgð lesanda að óska eftir viðbótarupplýsingum telji hann þörf á því.

Skýrsla þessi, unnin fyrir Reykjavíkurborg, inniheldur trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætluð til nota fyrir verkkaupa í samræmi við tilgang verkefnisins. Skýrslan og önnur skjöl eru ekki til dreifingar í heild eða hluta til þriðja aðila án samráðs við KPMG.

Allar ákvarðanir sem teknar kunna að verða á grundvelli upplýsinga sem settar eru fram í skýrslunni eru á ábyrgð lesanda.

Stafræn stjórnsýsla

Framtíðin er stafræn og umhverfisvæn

Tækifæri eru til þess að breyta hvernig við skilgreinum hlutverk og verkefni stjórnsýslunnar. Í stað þess að horfa eingöngu í hefðbundnar kostnaðaraðhaldsaðgerðir í kjölfar heimsfaraldurs ætti einnig að horfa til nýrra tækifæra sem liggja í aukinni hagnýtingu á tækni og nýsköpunartækifærum. Fjárfesting í framsæknum lausnum, grunnkerfum og ferlum – endurmóta stjórnsýsluna í átt að hagkvæmara umhverfi með borgara í fyrirrúmi – er óhjákvæmilega leiðin fram á við.

Breyttar kröfur – ný nálgun

Síðustu ár hafa kröfur til upplýsingatækni hjá borgurum og almennum hagsmunaðilum aukist, en í dag er upplýsingatækni í fararbroddi þegar kemur að því að styðja við vöxt, auka hagræðingu og skapa verðmæti. Árið 2021 var fyrsta árið af þremur í umfangsmiklu, stafrænu umbreytingarverkefni Reykjavíkurborgar. Verkefnið, sem er hluti Græna plansins, er gríðarlega metnaðarfullt, hvort sem litið er á innlandan eða erlendan markað, og á sama tíma býsna framsýnt.

Framundan eru kynslóðaskipti

Atvinnumarkaðurinn hefur þurft að þróast og endurskilgreina hvar og hvernig starfsfólk vinnur. Sveigjanleiki er lykillinn að því að vera samkeppnishæf og mun vinnuafli framtíðar gera enn ríkari kröfu um að geta starfað í sveigjanlegu og stafrænu vinnuumhverfi. Rannsókn OECD¹ frá árinu 2016 leiðir í ljós að 40% starfsfólks opinbera geirans á Íslandi er yfir 55 ára, samanborið við 25% meðaltal OECD-ríkja. Á komandi árum má því gera ráð fyrir talsverðri endurnýjun starfsfólks ásamt þörf á auknum sveigjanleika. Vinnuafli framtíðar mun gera ríkari kröfu um að síló-menning sé brotin niður og kalla eftir aukinni tengingu milli mismunandi starfseininga.



01

Samantekt



Lykilniðurstöður

Óbreytt ástand er ekki möguleiki

Borgarskjalasafn hefur ekki burði til að sinna lagaskyldu sinni svo vel sé miðað við núverandi fjármögnun. Kostnaður vegna verkefna safnsins mun aðeins aukast á næstu árum og taka þarf ákvörðun um hvernig fjármagni er best varið til að mæta auknum kröfum um nútíma skjalavörslu.

Efla þarf rafræn skil, skönnun og miðlun

Til að sporna við síaukinni húsnæðisþörf fyrir pappírsgeymslur er mikilvægt að stuðla að stafrænni vörslu gagna í samstarfi við stofnanir borgarinnar samhliða fjárfestingum í tæknibúnaði til að langtímavarðveislu gagna og miðla þeim til notenda.

Hagræði getur falist í auknu samstarfi við Þjóðskjalasafn

Áskoranir í starfsemi Borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafns á næstu árum eru að miklu leyti þær sömu. Mikil tækifæri eru fólgin í auknu samstarfi safnanna, sérstaklega hvað varðar sameiginlegt húsnæði, sem getur skilað sér í lægri kostnaði, betri nýtingu sérþekkingar og bættri þjónustu.



Fjárfestinga er þörf

Ljóst er að finna þarf nýtt húsnæði fyrir Borgarskjalasafn bæði í ljósi núverandi húsnæðisskorts og þeirrar staðreyndar að til stendur að flytja safnið úr núverandi húsakosti. Þá er sömuleiðis þörf á fjárfestingum í mannauði og í nýjum tæknilausnum til að varðveita og miðla rafrænum gögnum í langtíma vörslu.

Skerpa þarf á umboði og bæta samskipti

Æskilegt er að endurskoða staðsetningu Borgarskjalasafns í skipuriti borgarinnar, skerpa á samþykkt þess, auka þekkingu á hlutverki safnsins innan stjórnsýslunnar og vinna markvisst að því að bæta og efla samskipti og samstarf.

Mögulegt að færa verkefnið til ríkisins

Sveitarfélögum er heimilt en ekki skylt að starfrækja héraðsskjalasafn. Því er mögulegt að færa verkefnið alfarið til Þjóðskjalasafns. Ekki er nein lagaleg hindrun fyrir því að fela t.d. Borgarsögusafni að sjá um fræðslu og sýningarhald þegar kemur að safnkosti Borgarskjalasafns.

Íhnotskurn



Það er hagur allra, bæði núverandi borgarbúa, og þeirra sem í framtíðinni munu byggja Reykjavík, að framtíð skjalavörslu, varðveisla og aðgengi að gögnum borgarinnar sé með ábyrgum og framsýnum hætti, ásamt sem bestri nýtingu fjármuna og þekkingar hvers tíma.

Taka þarf ákvörðun um framtíðarfyrrirkomulag, virkja aðgerðaáætlun og vinna markvisst að farsælli framtíðarskjalavörslu borgarinnar.



Óbreytt ástand

Án breytinga á starfsemi Borgarskjalasafns verður að teljast hæpið að safnið nái að sinna hlutverki sínu, pappírsgögn munu hlaðast upp með tilheyrandi húsnæðiskostnaði og þjónusta til Reykjavíkurborgar og notenda verður ekki í anda þeirrar stefnu sem borgaryfirvöld hafa sett.



Borgarskjalasafn framtíðarinnar

Finna þarf nýtt húsnæði fyrir starfsemi og geymslur Borgarskjalasafns sem fyrst auk þess sem fjárfestinga er þörf í nýjum tækniúnaði og mannauði. Flytja þarf safnið í skipuriti til að gera því kleift að sinna betur eftirlitshlutverki sínu, skýra þarf verkaskiptingu varðandi miðlun menningar og samstarf safnsins við önnur svið og söfn borgarinnar. Veita þarf fjármagn til að auka öryggi og bæta aðgengi í upplýsingatæknimálum.



Samstarf Þjóðskjalasafns og Borgarskjalasafns

Samstarf við Þjóðskjalasafn mun fela í sér lægri kostnað þegar kemur að uppbyggingu húsnæðis og tæknilausna. Samnýting mannauðs og sérþekkingar ásamt lægri rekstrarkostnaði vegna húsnæðis er sömuleiðis ávinningur af auknu samstarfi. Líklegt er að samstarfið leiði af sér meira og betra samstarf stærstu opinberu skjalasafna landsins.



Færa verkefni til Þjóðskjalasafns

Þjóðskjalasafn mun bera ábyrgð á öllum skyldum opinbers skjalasafns gagnvart Reykjavíkurborg s.s. leiðbeiningarskyldu, eftirliti, varðveislu og miðlun. Þrátt fyrir að lagaskylda sé á Þjóðskjalasafni að taka við safnkosti Borgarskjalasafns þarf viðræður um hvernig slík yfirfærsla sé útfærð og kostnaði skipt milli aðila.

7,9 ma. kr.

áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar af því að koma starfsemi Borgarskjalasafns í rétt horf

7,5 ma. kr.

áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar af sameiginlegri vegferð með Þjóðskjalasafni

1,5 ma. kr.

áætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar við flutning verkefna til Þjóðskjalasafns

Áskoranir og kröfur framundan

Nútímasamfélög standa frammi fyrir nýjum veruleika þar sem upplýsingasamfélag 21. aldar kallar á nýjar áherslur og nýjar stafrænar lausnir í langtímavörslu skjala- og gagnasafna. Auknar kröfur um upplýsingaöryggi, aðgengi að gögnum og nýjar leiðir í miðlun safnkosta gera auknar kröfur til Borgarskjalasafns. Meðal áskorana sem framundan eru má nefna:

01

Sjálfbærni

Vistspor er stækkandi vegna síaukinnar þarfar fyrir geymsluhúsnæði pappírsgagna en ekki má gleyma að rafrænni vörslu og notkun stafrænna kerfa fylgir kolefnisspor vegna gagnamagns og orkunotkunar.

02

Öryggismál

Áhætta felst í mögulegu gagnatapi á gögnum borgarbúa. Aukin krafa er um upplýsingaöryggi og vernd viðkvæmra gagna.

Tryggja þarf að menningarverðmæti og stjórnsýslugögn glattist ekki án fyrirvara, vegna náttúruhamfara, utanaðkomandi aðstæðna eða öryggisbrests.

03

Húsnæðiskostur

Framundan er aukinn kostnaður vegna vaxandi skjalamagns sem bíður vörslu Borgarskjalasafns.

Safnið mun halda áfram að fylla skjalageymslur m.a. vegna skjala frá afhendingarskyldum aðilum og skorts á innviðum til móttöku og skönnunar gagna til rafrænnar varðveislu.

04

Stafræn þjónusta

Aukin krafa er um aðgengi að gögnum og miðlun þeirra, bæði nýrra gagna sem myndast dag hvern en einnig stafrænt aðgengi að eldri safnkosti sem krefst skönnunar og ljósmyndunar.

Örugg varsla og orkuöryggi til rafrænnar vörslu eru ný viðfangsefni í skjalavörslu.

02

Verkefnið



Minni Reykjavíkur

Varðveisla skjala afhendingarskyldra aðila er lögbundin

Markmið laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.



Stafræn þróun er drifkraftur breytinga

Samhliða miklum hraða í stafrænni þróun eru yfirvöld um allan heim að taka skref í átt að breyttri vinnustaðamenningu, innleiða sveigjanleika þar sem breytingar eru viðtekin venja og starfsfólk hvatt til þess að ögra hefðum og venjum og leita nýrra leiða til að leysa dagleg viðfangsefni.



Lög um opinber skjalasöfn

Sveitarfélögum er skylt að haga skjalastjórn og skjalavörslu í samræmi við lög um opinber skjalasöfn og reglur sem Þjóðskjalasafn Íslands setur. Lögini mynda ramma um opinbera skjalavörslu og skjalastjórn á Íslandi, bæði ríkis og sveitarfélaga.



Rafræn skil

Til að sporna við enn meiri húsnæðisþörf til framtíðar er mikilvægt að stuðla að enn frekari stafrænni vörslu gagna í samstarfi við stofnanir borgarinnar.

Verkefnið



Mörkuð verði stefna fyrir starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur þar sem skoðað verði m.a. möguleikar á nánara samstarfi og/eða frekari þjónustukaupum frá Þjóðskjalasafni Íslands.

Úr erindisbréfi stýrihóps



Á fundi borgarráðs 1. september 2022 var lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 25. ágúst 2022, sbr. samþykkt stafræns ráðs frá 24. ágúst 2022 á tillögu um stefnumótun fyrir framtíðarhögun starfsemi Borgarskjalasafns. Í bréfinu var lögð fram tillaga þess efnis að mörkuð yrði stefna fyrir starfsemi safnsins þar sem skoðað verði nánara samstarf og/eða frekari þjónustukaup frá Þjóðskjalasafni Íslands.

Leitað var ráðgjafar við að greina og leggja fram mögulega valkosti fyrir Reykjavíkurborg, að undangenginni greiningu á núverandi fyrirkomulagi, fyrir framtíðarhögun Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Þá var einnig kallað eftir svörum við lögfræðilegum álitamálum sem gerð er grein fyrir í viðaukum. Til ráðgjafar og samstarfs var settur á laggirnar stýrihópur, skipaður starfsfólki Reykjavíkurborgar, sem tók virkan þátt í vinnuferlinu.

Stýrihópur

Stýrihóp af hálfu Reykjavíkurborgar skipuðu:

- Karen María Jónsdóttir, skrifstofa sviðstjóra, formaður
- Svanhildur Bogadóttir, Borgarskjalavörður
- Andrés Erlingsson, Borgarskjalasafni
- Óskar Þór Þráinsson, skrifstofustjóri upplýsinga- og skjalastýringar
- Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Starfsmaður stýrihóps var Eva Pandora Baldursdóttir

Aðferðafræði og gögn



Hlutverk KPMG verður að veita verkkaupa ráðgjöf við að greina og leggja fram mögulega valkosti fyrir framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur.

Úr erindisbréfi stýrihóps



Lögð var áhersla á opið samráð í öllu ferli verkefnisins. Tekin voru viðtöl við hagaðila til að fá sem gleggsta mynd af núverandi stöðu Borgarskjalasafns og ólíka sýn viðmælenda á skjalamyndun, rafræn skil, eftirlit með skjalavörslu, söfnun, varðveislu og miðlun á minni borgarinnar til framtíðar.

Í viðauka IV er að finna lista yfir viðmælendur.

Margvísleg gögn voru lögð fram til grundvallar greiningarvinnunnar og mótun valkosta s.s. þjónustustefna Reykjavíkurborgar, fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar, skýrsla KPMG frá 2018 um húsnæðismál Borgarskjalasafns, óútgefin frumathugun Framkvæmdasýslunnar/Ríkiseigna (FSRE) á framtíðarhúsnæði Þjóðskjalasafns frá 2022 ásamt öðrum gögnum sem viðmælendur og fulltrúar í stýrihópi létu ráðgjafateymi í té. Einnig voru lög um opinber skjalasöfn og viðeigandi reglugerðir og leiðbeiningar höfð til hliðsjónar. Listi yfir gögn er í viðauka IV.

Forsendur valkosta

Greining á núverandi starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur ásamt valkostum um framtíðarhögun safnsins tók til eftirfarandi grunnforsenda:

- Húsnæðis
- Mannauðs
- Stafrænna innviða
- Öryggis
- Fjármagns og umhverfis

Valkostagreining

Valkostir voru settir fram til að meta þá möguleika sem til staðar eru með áherslu á þrjá valkosti:

- Borgarskjalasafn framtíðarinnar
- Aukið samstarf Borgarskjalasafns við Þjóðskjalasafn Íslands
- Alhliða flutningur á verkefnum Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns Íslands

Helstu viðfangsefni

Borgarskjalasafn hóf að taka við tilkynningum, sem telja nú nokkra tugi, um rafræn gagnasöfn árið 2020. Að sama skapi hefur Þjóðskjalasafn Íslands hafið sambærilega vegferð vegna móttöku gagna, þ.m.t. frá þeim 18 sveitarfélögum sem eru afhendingarskyld gagnvart safninu. Fyrir liggur að bæði söfnin standa frammi fyrir nýjum áskorunum sem munu breyta grunnstarfsemi þeirra til framtíðar. Meðal viðfangsefna þessarar vinnu er að skoða möguleg samlegðaráhrif Borgarskjalasafns Reykjavíkur og Þjóðskjalasafns Íslands með tilliti til m.a.:



Tæknilegra innviða

Skoða hvaða áhrif nánara samstarf eða þjónustukaup Borgarskjalasafns af Þjóðskjalasafni hefðu á samlegð varðandi tæknilega innviði, tæknilegan rekstur og miðlun, og umbreytingu ferla í viðtöku rafrænna skjala.



Eftirlitsskylda

Skoða sérstaklega hvaða áhrif nánara samstarf eða þjónustukaup hefðu á samlegð varðandi eftirlit með afhendingarskyldum aðilum.




Samlegðaráhrif stærstu skjalasafna

Skoða möguleg samlegðaráhrif í starfsemi stærstu opinberu skjalasafna landsins og möguleika til frekari samstarfs og þjónustukaupa.



Lög um opinber skjalasöfn

Rýna lög er varða opinber skjalasöfn, rýna með tilliti til breytinga og áhersla þegar kemur að stafrænum málum og ávarpa álitamál.



**Borgarskjalasafn hefur, líkt og
Þjóðskjalasafn, hafið móttöku á
rafrænum gagnasöfnum og standa bæði
söfnin frammi fyrir nýjum veruleika sem
kallar á nýjar áherslur og nýjar lausnir í
rafrænum skilum og miðlun.**

03

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Minni Reykjavíkur

Borgarskjalasafn varðveitir stærsta heimildasafnið um sögu Reykjavíkurborgar sem spannar yfir 250 ár. Bæjarstjórn Reykjavíkur samþykkti haustið 1954 stofnun Skjalasafns Reykjavíkur, eins og það hét þá, í kjölfar laga um héraðsskjalasöfn sem samþykkt voru á Alþingi í janúar árið 1947. Þau lög veittu sýslunefndum og bæjarstjórnnum heimild til þess að varðveita eigin skjöl og bækur að fengnu samþykki Þjóðskjalavarðar. Borgarskjalasafn Reykjavíkur er í dag eitt af 20 héraðsskjalasöfnum landsins.

Hlutverk safnsins er m.a. að varðveita eldri skjöl afhendingarskyldra aðila og tryggja varðveislu þeirra og aðgengi til framtíðar. Rafrænum skjölum er skilað inn 5 árum eftir að mál telst afgreitt en pappírsgögnum 30 árum eftir að mál telst afgreitt. Á sínum tíma var mikill samfélagslegur ávinningur af stofnun héraðsskjalasafna vítt og breitt um landið. Þau voru mikilvægar stofnanir heima í héraði, þar sem íbúar gátu sótt skráðar upplýsingar um ákvarðanir yfirstjórna og sagnfræðilegar staðreyndir.

Afhendingarskyldir aðilar til Borgarskjalasafns eru rúmlega 300 talsins og telur safnkostur þess nú rúmlega 10.000 hillumetra. Með hillumetra er átt við hillupláss sem samsvarar einum metra að lengd. Árlega bætast um 250 hillumetrar við safnkost Borgarskjalasafns þannig að ljóst er að óbreytt skjalamyndun er afar ósjálfbær.

Núverandi húsnæði og rekstur

Borgarskjalasafn Reykjavíkur er í dag staðsett í Grófarhúsi í Tryggvagötu 15 þangað sem það flutti árið 1999. Þar eru skrifstofur safnsins, afgreiðsla, fræðimannarými, lesstofa ásamt öryggisgeymslum fyrir verðmætustu skjöl og helstu trúnaðarskjöl borgarinnar. Í Grófarhúsi deilir Borgarskjalasafn húsnæði með öðrum söfnum og hefur verið í samfloti við þau um sýningar á sögu borgarinnar sem og staðið fyrir sínum eigin sýningum.

Aðalgeymsla safnsins er eldtraust, með rafdrifnum renniskápum og stöðugu hita- og rakastigi. Auk þess hefur safnið yfir að ráða fjargeymslum við Vatnagarða sem eru hugsaðar til þess að mæta tímabundið sívaxandi húsnæðisþörf safnsins. Safnið vinnur eftir stöðlum um skjalfestingu og skjalastjórn (ISO 11799, ÍST ISO 15489-1, ISAD-G og ISAAR (CPF)) en hefur ekki staðfesta vottun á upplýsingaöryggi (ISO 27001).

Árið 2021 nam kostnaður af rekstri Borgarskjalasafns um 168 milljónum króna, þar af launakostnaður 96 milljónir, kostnaður vegna húsaleigu 55 milljónir og annar rekstrarkostnaður um 18 milljónir.


Stafræn framtíð

Mannauður

Á Borgarskjalasafni starfa í dag níu starfsmenn í föstum stöðugildum auk tveggja einstaklinga sem eru ráðnir tímabundið. Fagsvið safnsins eru þrjú auk stoðsviðs, sbr. skipurit hér að neðan. Borgarskjalavörður veitir safninu forstöðu og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri safnsins.

Tveir starfsmenn safnsins sinna skráningu og samskiptum við afhendingaraðila, eitt stöðugildi er vegna rafrænnar langtímarvarðveislu, annað vegna ráðgjafar og skjalastjórnunar og það þriðja vegna skönnunar á ljósmyndum. Að auki starfa skjalastjóri, lögfræðingur og rekstrarstjóri við safnið, auk borgarskjalavarðar.

Safnið hefur á síðustu árum farið fram á fjölgun stöðugilda þar sem verkefnum safnsins hefur fjölgað og eðli skjalavörslu er að breytast. Að sögn borgarskjalavarðar er safnið undirmanað og hefur ekki getað sinnt þeim verkefnum sem því ber.



Rafræn skil

Borgarráð samþykkti árið 2017 að Borgarskjalasafn hæfi undirbúning að stafrænni varðveislu skjala og hóf safnið formlega að taka við tilkynningum árið 2020. Þó stofnanir borgarinnar fari í meira mæli að skila gögnum rafrænt verður að gera ráð fyrir því að pappírsskjöl verði áfram afhent til safnsins þar sem mikið magn pappírsskjala hefur myndast á síðustu áratugum hjá afhendingarskyldum aðilum og er enn í þeirra vörslu í samræmi við ákvæði um vörslutíma gagna.

Borgarskjalasafn hefur tekið á móti 34 tilkynningum um rafræn gagnasöfn. Unnið hefur verið að kortlagningu kerfa og ætlun safnsins er að kalla eftir fleiri tilkynningum um rafræn gagnasöfn. Til þess að slíkt sé mögulegt óskaði safnið eftir kaupum á sérhæfðum vélbúnaði og stöðluðum hugbúnaði til að stýra, vinna með og varðveita vörsluskrár. Ekki fékkst fjárveiting til verkefnisins.

Borgarskjalasafn hefur gert samning við *Netværket Elektronisk Arkivering* (NEA) um rekstur móttökuverkstæðis fyrir rafræn gagnasöfn. Skv. þjónustusamningi sér Borgarskjalasafn um umsýslu og afgreiðslu tilkynninga en NEA sinnir prófunum á frágangi og varðveislu á vörsluskram.

Stafrænt upplýsingakerfi

Árið 2021 fékk Borgarskjalasafn fjárveitingu til kaupa á stafrænu upplýsingakerfi (Scope). Í framhaldi var óskað eftir fé til innleiðingar kerfisins, þ.m.t. skráningu gagna inn í kerfið og til reksturs þess. Kerfið er liður í stafrænni vegferð safnsins og felur í sér upplýsingar um safnkost, staðsetningu hans í skjalaeiningum, hillum og rýmum. Möguleiki er á að opna aðgengi að leit í kerfinu fyrir almenning, opinbera aðila og fræðimenn.

Fjárveiting fékkst til reksturs kerfisins en ekki til yfirfærslu gagna inn í kerfið. Á Borgarskjalasafni er því stafrænt upplýsingakerfi uppsett en nýtist með takmörkuðum hætti þar sem safnkostur hefur ekki verið skráður inn í kerfið nema að afar litlu leyti. Safnkostur Borgarskjalasafns býr því enn við frumstæða skráningu sem tefur endurheimt gagna og skerðir aðgengi að þeim.

Stafræn þróun Borgarskjalasafns

Hindranir í þróun safnsins

Ýmsar ástæður má telja fyrir því hversu skammt stafræn vegferð Borgarskjalasafns er komin. Í greiningarvinnu eins og þessari er óvíst að þær hafi allar borist upp á yfirborðið en ljóst er að margvíslegur samskiptavandi, óljós og ósamstíga framtíðarsýn ásamt takmörkuðum fjárveitingum hafa bitnað á innleiðingu tæknilegra innviða í starfsemi safnsins.

Borgarskjalasafn er staðsett í skipuriti á Þjónustu- og nýsköpunarsviði og heyrir undir sviðsstjóra þess. Líklegt má telja að það hafi dregið úr sjálfstæði safnsins til að sinna eftirlitshlutverki sínu. Fram kom í viðtölum að staðsetningin í skipuriti hefur verið talin hamlandi og ágreiningur hefur verið um hlutverk safnsins.

Skortur er á að Borgarskjalasafnið fylgi öðrum söfnum eða sviðum borgarinnar við innleiðingu nútímastarfshátta, en safnið hefur kosið sjálft að standa að einhverju leyti utan við heildarstefnumörkun borgarinnar, s.s. við innleiðingu þjónustustefnu, stefnumörkun í loftslagsmálum, jafnréttisáætlun, kynjaða fjárhagsáætlanagerð o.fl. Að auki hefur samstarf um upplýsingamiðlun s.s. vefmál Borgarskjalasafns ekki haldist í hendur við þróun slíkra verkefna hjá Reykjavíkurborg. Ytri vefur Borgarskjalasafns telst í dag vera gamaldags og óaðgengilegur notendum, þó mjög mikið af gögnum séu þar fyrirliggjandi. Vefurinn lá t.d. niðri mest allan þann tíma sem greiningarvinna KPMG stóð yfir.

E.t.v. má segja að safnið skorti framtíðarsýn til að sannfæra stjórnendur og starfsfólk borgarinnar um að safnið gangi í takt við stefnu Reykjavíkurborgar. Það hefur valdið því að safnið hefur ekki fengið nægilegt fjármagn til að stíga inn í stafræna framtíð og hefur ekki haft tök á að byggja upp þá innviði þekkingar og tækjabúnaðar sem krafist er í nútíma stjórnsýsluháttum.



**Borgarskjalasafn starfar skv. lögum nr. 77/2014
um opinber skjalasöfn og samþykkt fyrir
Borgarskjalasafn Reykjavíkur frá árinu 2006**

Viðfangsefni Borgarskjalasafns

Borgarskjalasafn Reykjavíkur starfar skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Þá er í gildi samþykkt fyrir Borgarskjalasafn Reykjavíkur frá árinu 2006. Ýmsar reglugerðir, reglur og leiðbeiningar til héraðsskjalasafna eiga einnig við um starfsemi Borgarskjalasafns sem starfar sömuleiðis skv. þjónustustefnu Reykjavíkurborgar þar sem fjallað er um fjögur markmið þjónustu sem veitt er á vegum borgarinnar, þ.e. fagmennsku, notendamiðun, skilvirkni og nærþjónustu.

Eftirlit

Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur eftirlit með framkvæmd skjalavörslu hjá Reykjavíkurborg og stofnunum hennar og hefur eftirlit með skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila borgarinnar og fyrirtækjum í meirihlutaeigu borgarinnar.




Ráðgjöf

Borgarskjalasafn Reykjavíkur skal vera ráðgefandi um skjalavörslu með því að gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og með fræðslu til afhendingarskyldra aðila sem skila til safnsins. Einnig skal safnið samþykkja skjalavistunaráætlanir, yfirfara og samþykkja málalykla og taka á móti tilkynningum um rafræn gagnasöfn.

Varðveisla

Borgarskjalasafn Reykjavíkur innheimtir og varðveitir skjöl sem hafa að geyma upplýsingar sem hafa þýðingu fyrir stjórnvísu eða hagsmuni og réttindi borgara eða hafa sögulegt gildi. Safnið skal hafa skjölin aðgengileg fyrir þau sem vilja nota safnið og skapa aðstöðu til rannsókna og fræðastarfa. Safnið skal einnig leiðbeina um notkun skjala úr safninu.



Menning

Borgarskjalasafn Reykjavíkur varðveitir og miðlar minni borgarinnar með því að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi m.a. á vef og samfélagsmiðlum og veitir fræðslu um sögu borgarinnar á grundvelli skjala í vörslu sinni. Safnið skal með safnkosti sínum efla þekkingu á sögu Reykjavíkur og stuðla að rannsóknum á henni. Safnið hefur staðið fyrir sýningum, fyrirlestrum sem og annarri kynningu á safninu og safnkosti þess.

Núverandi staða og framtíðarhorfur

Árið 2018 vann KPMG skýrsluna *Húsnæðismál Borgarskjalasafns* þar sem ítarlega var farið í þarfagreiningu vegna geymslurýmis Borgarskjalasafns. Á henni byggir frumathugun sem enn er í vinnslu vegna höfuðstöðva og varðveisluhúss Þjóðskjalasafns Íslands sem unnin var í janúar 2022. Helstu atriði úr greiningarvinnunni eru dregin fram hér að neðan og horft er til þeirra í allri vinnu um framtíðarfyrirkomulag Borgarskjalasafns.

Þörf fyrir geymslurými:
5 167 m²

Stöðugildi fari
úr 9 í 21 árið
2030

Geymslurými

Gert er ráð fyrir þörf á um 2.094 m² undir höfuðstöðvar Borgarskjalasafns skv. uppfærðri húsrýmisáætlun. Að auki er gert ráð fyrir 3.073 m² fyrir varðveisluhús.

Alls er því húsnæðisþörf Borgarskjalasafns um 5.167 m² til ársins 2030.

Hillumetrar

Borgarskjalasafn geymir í dag um 9.600 hm af skjölum. Rúmur helmingur þeirra er í núverandi húsnæði safnsins í Grófarhúsi en safnkostur er einnig geymdur í fjargeymslum.

Í uppfærðri húsrýmisáætlun Borgarskjalasafns segir að hillumetrum safnsins muni fjölga úr 9.600 í 31.300 hm* á næstu 30 árum, einkum vegna þeirra skjala sem hafa nú þegar myndast hjá afhendingarskyldum aðilum og eru enn í þeirra vörslu.

*Frá því skýrsla KPMG kom út árið 2018 hefur stafræn umbreyting að sögn borgarskjalavarðar gengið hraðar en gert var ráð fyrir.

Stöðugildi

Í dag starfa níu einstaklingar hjá Borgarskjalasafni auk tveggja í hlutastarfi. Reglulega er starfsfólk tímabundið ráðið til átaksverkefna s.s. skönnunar á safnkosti.

Miðað við áætlaðan vöxt á umfangi starfsemi safnsins telur Borgarskjalasafn æskilegt að stöðugildi verði orðin 21 árið 2030.

Skönnun og grisjun

Skönnun og grisjun gagna er mikilvægur liður í að draga úr pappírsmagni, en jafnframt er markviss grisjun mikilvæg til að lágmarka sóun orkuauðlinda vegna rafrænnar gagnavörslu og draga úr húsnæðis- og rekstrarkostnaði.

Markviss afmörkun gagna í langtímarvarðveislu tryggir auk þess aðgengi og endurheimt upplýsinga sem er mikilvægt til allrar framtíðar, m.a. vegna rannsókna, greininga og miðlunar.

04

Valkostir



Valkostir

Þrjár valkostir eru settir fram til ítarlegri greiningar. Þeir byggja á viðtölum við hagaðila, að höfðu samráði við stýrihóp, auk rýni fyrirleggjandi gagna sem talin eru upp í viðauka IV. Hverjum valkosti er ætlað að hverfast í kringum varðveislu á minni Reykjavíkurborgar til framtíðar. Í framsetningu á valkostum er horft til fimm grunnforsenda sem voru hafðar til hliðsjónar í framsetningu og greiningu. Dregin eru fram tækifæri og áherslur sem eiga sérstaklega við hvern valkost fyrir sig.

Borgarskjalasafn framtíðarinnar


Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg verði áfram rekstraraðili Borgarskjalasafns og standi undir kostnaði við fjárfestingar. Greining byggir á því að horft er til breytinga sem framundan eru á verkefnum safnsins og þörf á margvíslegum umbótum í rekstri þess.

Flutningur verkefna til Þjóðskjalasafns

Verkefni Borgarskjalasafns flutt til Þjóðskjalasafns Íslands. Ábyrgð skjalavörslu og eftirlit með henni færir til Þjóðskjalasafns skv. lagaskyldu þar um.

Samhliða því er lagt til að efla menningarhlutverk Borgarsögusafns.

Greitt fyrir varðveislu skv. gjaldskrá Þjóðskjalasafns.



Samstarf Borgarskjalasafns framtíðarinnar og Þjóðskjalasafns

Hér er horft til hugmynda um aukið samstarf Borgarskjalasafns Reykjavíkur og Þjóðskjalasafns Íslands með áherslu á samnýtingu á húsnæði, stafrænum innviðum, geymsluplássum, mannauði, tækni, tækjabúnaði og fleiru.

Valkosturinn byggir að mestu leyti á greiningum sem áður hafa farið fram, m.a. á húsnæðisþörf beggja safna.

Grunnforsendur valkosta

Ljóst er að sú stafræna vegferð sem hafin er, ekki aðeins hjá Reykjavíkurborg heldur einnig íslenska ríkinu og í raun í samfélaginu öllu, mun umbylta starfsemi opinberrar skjalavörslu til framtíðar. Þannig munu þær tæknibreytingar sem nú eru að raungerast bæði breyta daglegri starfsemi í kringum umsýslu skjala sem og skammtíma- og langtíma varðveislu þeirra.

Þessari vinnu er ætlað að kalla fram þá valkosti sem Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir og stilla upp fýsilegum valkostum til framtíðar. Neðangreindar forsendur voru hafðar til hliðsjónar í öllum valkostunum þremur en auk þess er horft á sérstök tækifæri og áherslur sem eiga sérstaklega við hvern valkost fyrir sig.



Húsnæði

Fyrir liggur að Borgarskjalasafn mun þurfa nýtt húsnæði vegna fyrirhugaðra breytinga á núverandi húsnæði og plássleysi.

Tryggja þarf viðeigandi húsnæði utan um menningararf borgarinnar.



Mannauður

Starfsemi opinberra skjalasafna krefst sérhæfðrar þekkingar og sérhæfðs mannauðs.

Finna þarf leiðir til að hámarka nýtingu á þekkingu og reynslu sérfræðinga og efla mannauð til að takast á við ný viðfangsefni.



Stafrænir innviðir

Ljóst er að framundan eru miklar fjárfestingar í stafrænum innviðum til að tryggja örugga vörslu gagna og stafræna miðlun þeirra.

Tryggja þarf stafræna vörslu með uppbyggingu og/eða samnýtingu tækjabúnaðar.



Öryggi

Stuðla þarf að bættu upplýsingaöryggi og lágmarka áhættu við langtíma varðveislu rafrænna gagnasafna.

Tryggja aðgengi að gögnum í samræmi við öryggiskröfur.




Fjármagn og umhverfi

Lágmörkun kostnaðar og umhverfisspor af pappírsgeymslum og hvatning til rafrænna skila afhendingarskyldra aðila.

Bæta nýtingu fjármuna og stuðla að hagræðingu í rekstri Reykjavíkurborgar.

Borgarskjalasafn framtíðarinnar



Borgarskjalasafn framtíðarinnar - Yfirlit



Borgarskjalasafn Reykjavíkur er áfram rekið sem sjálfstætt skjalasafn Reykjavíkurborgar skv. lögum um opinber skjalasöfn, uppfærðri samþykkt fyrir Borgarskjalasafn og skjala- og þjónustustefnum Reykjavíkur. Hlutverk Borgarskjalasafns er óbreytt en þörf á margvíslegum umbóta- og fjárfestingaverkefnum til að mæta auknum kröfum og viðfangsefnum framtíðarskjalavörslu.



Nýtt húsnæði fundið fyrir Borgarskjalasafn og rekið af Reykjavíkurborg. Ábyrgð á skjalavörslu og eftirlit er hjá borginni.



Fjölgun starfsfólks ásamt uppbyggingu þekkingar á safninu til að takast á við framtíðarverkefni skjalavörslu.



Nauðsynleg innleiðing upplýsingaöryggis og aðgengi tryggt að safnkosti í samræmi við ýttrustu öryggiskröfur.



Rafræn langtíamavarðveisla gagnasafna hérlendis en móttökuverkstæði unnið í samstarfi við NEA og gert ráð fyrir samstarfi héraðsskjalasafna.



Mikil fjárfestingaþörf vegna umbóta í rekstri safnsins. Tryggja þarf fjármagn til rekstursins í samræmi við framtíðarhlutverk.

Þörf er á töluræðum fjárfestingum



Áætlaðar fjárfestingar og rekstrarkostnaður 2023 – 2029.



Laun og launatengd gjöld

1.278 m.kr.

Áætlað er að launakostnaður komi til með að aukast næstu sjö árin þar sem gert er ráð fyrir fjölgun starfsmanna um níu. Á næstu sjö árum er áætlaður kostnaður vegna launa 1.278 milljónir.



Annar kostnaður

1.585 m.kr.

Nýtt upplýsingakerfi og þjónustusamningur við NEA. Kostnaður vegna hita, rafmagns og stjórnunarkostnaðar sem og einskiptiskostnaðar vegna flutninga (130m.kr).



Húsnæðiskostnaður

5.060 m.kr.

Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg byggji húsnæði fyrir starfsemi Borgarskjalasafns og má áætla að kostnaður vegna þess verði í kringum **5 milljarða króna**.

Samtals kostnaður

7.923 m.kr.

7,9

milljarðar króna er áætlaður kostnaður* Reykjavíkurborgar vegna rekstrarkostnaðar og fjárfestinga í eigin húsnæði næstu 7 árin.

* Sjá nánari forsendur í viðauka V

Breytt framtíð



Finna þarf nýtt húsnæði fyrir Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þó innleiðing rafrænnar varðveisluskjala sé hafin hjá Reykjavíkurborg verður að hafa í huga að talsvert magn af pappírsgögnum er enn að finna hjá stofnunum borgarinnar. Eingöngu skjöl síðustu ára sem hafa verið vistuð í samþykktum rafrænum gagnasöfnum er hægt að varðveita rafrænt til framtíðar en þó er hægt að taka við rafrænum gagnasöfnum afturvirkir ef vistun er fullnægjandi að mati Borgarskjalasafns. Öðrum gögnum þarf að skila inn til safnsins og miðast skilaskylda afhendingarskyldra aðila við 30 ár frá því að máli telst lokað. Hjá stofnunum borgarinnar er því töluvert af pappírsgögnum sem nú þegar hafa verið mynduð en á eftir að skila til Borgarskjalasafns. Uppsafnaður vandi er einnig til staðar þar sem þrengsli í húsnæði safnsins hafa komið í veg fyrir að Borgarskjalasafn hafi getað tekið við skjölum til varðveislus.

Þá þarf að hafa í huga að þótt fjöldi eldri skjala sé skannaður inn til varðveislus og miðlunar þá þarf grisjunarheimild frá Þjóðskjalasafni til að eyða pappírsgögnum og því er ekki hægt að treysta á að allt sem er skannað inn til varðveislus og miðlunar megi grisja.

Húsnæðisþörf Borgarskjalasafns vex skv. uppfærðri þarfagreiningu í frumathugun sem enn er í vinnslu úr 2.282 fermetrum í 5.167 fermetra á næstu 30 árum. Skýrsla KPMG frá 2018 gerði ráð fyrir alls 5.220 en breytileiki í fermetratölu skýrist af aukinni áherslu á grisjun og rafræna langtímarvarðveislus. Mestu munar um þörf safnsins fyrir geymslur, sem í dag eru 1.350 fermetrar að stærð en munu þurfa að verða 3.870 fm. Stefnt er að því að safnið flytji úr Grófarhúsinu þar sem það er staðsett í dag í um 2.300 fm húsnæði auk þess sem safnkostur er geymdur við ófullnægjandi aðstæður í 540 fm fjarvarðveisluhúsnæði.

Sporna þarf við enn meiri húsnæðisþörf

Til að sporna við enn meiri húsnæðisþörf til framtíðar er mikilvægt að stuðla að frekari stafrænni vörslu gagna í samstarfi við stofnanir borgarinnar. Lykilatriði í þeirri vinnu er útfösun pappírsgagna með því að innleiða og fá samþykkt rafræn gagnasöfn. Einnig er brýnt að skanna inn núverandi pappírsgögn og óska eftir grisjunarleyfi frá Þjóðskjalasafni fyrir þau gögn sem ekki er nauðsynlegt að varðveita á pappír. Að lokum er mikilvægt að hvatt sé til þess að innleidd sé lagabreyting er heimilar grisjun mikilvægra gagna sem hafa sannarlega verið skönnuð inn af opinberu skjalasafni þar sem skannað eintak telst fullgild sönnun um tilvist skjalsins. Horfa má til Norðurlanda þar sem fordæmi er fyrir heimild um eyðingu pappírsskjala sé þegar búið að skanna þau inn til rafrænnar varðveislus af opinberu skjalasafni.


Skönnunarver

Ekki verður séð að Borgarskjalasafn hafi sett upp markvissa áætlun um hvenær ætla megi að allur safnkostur hafi verið færður yfir á stafrænt form. Þó er í gangi verkefni um skönnun á teikningum í vörslu borgarinnar og yfirfærslu ljósmynda á stafrænt form. Skönnun skjala gegnir mikilvægu hlutverki við að sporna við húsnæðisþörf, styðja við miðlun gagna og tryggja örugga varðveislus til framtíðar. Er því nauðsynlegt að horfa til þess að Borgarskjalasafn hafi tækjabúnað og mannskap til að skanna inn öll fyrirliggjandi gögn svo hægt sé að ná svokölluðum núllpunkti.

Stóra áskorunin er pappírsmagn



Hillupláss í umferð hjá afhendingarskyldum aðilum Borgarskjalasafns er mælt í kílómetrum



Hillupláss Borgarskjalasafns mun telja **31,3 km** af gögnum að 30 árum liðnum skv. uppfærðri þarfagreiningu í frumathugun sem enn er í vinnslu

Leggja mætti stíg frá Ráðhúsi Reykjavíkur að Brautarholtsvelli á Kjalarnesi með gögnum sem eru í umferð hjá afhendingarskyldum aðilum og verða til hjá þeim á næstu 30 árum

Safnkostur Borgarskjalasafns er í dag um **9,6 km**


Fjárfesta þarf í stafrænni framtíð



Fjárfesting vegna rafrænna skila

Í kjölfar haustráðstefnu héraðsskjalavarða í byrjun október 2022 kom fram vilji héraðsskjalasafna til aukins samstarfs, einkum varðandi móttöku og undirbúning vörsluskráa fyrir varðveislu rafrænna gagnasafna. Slíkt samstarf gengur út á það að koma á fót miðlægu móttökuverkstæði sem yfirfer vörsluútgáfur áður en þær eru sendar heim í hérað til varðveislu.

Safnið gerði samstarfssamning við NEA um ráðgjöf og varðveislu, en ljóst er að hvort sem samstarfið verði til lengri eða skemmri tíma þarf að fjárfesta í tækjakosti og rekstri til að geta varðveitt afrit heima í héraði eins og vilji er til skv. viljayfirlýsingu héraðsskjalavarða. Samkvæmt rekstraráætlun Borgarskjalasafns er kostnaður vegna núverandi fyrirkomulags rafrænna skila um 21 milljón árið 2023. Stærsti kostnaðarliðurinn er launakostnaður vegna stöðugilda við langtímavarðveislu rafrænna gagna, þ.e. samskipti við afhendingaraðila, yfirferð tilkynninga og tækniupplýsinga og undirbúning afhendinga, en einnig þjónustugjöld til NEA og kostnaður vegna vinnslu og varðveislu vörsluskráa.



Fjárfesta þarf í fleiru en móttökuverkstæði

Ljóst er að kostnaður við móttökuverkstæði er aðeins lítil hluti af þeim kostnaði sem Reykjavíkurborg stendur frammi fyrir varðandi tæknilega innviði Borgarskjalasafns. Hér fyrir neðan, og í viðauka III, gefur að líta heildaryfirsýn yfir það tækniumhverfi sem fjárfesta þarf í þar sem samstarfið við NEA rúmast innan þess kassa sem nefnist 'Móttökuverkstæði'.

Allt hitt ferlið og þeir stafrænu innviðir sem styðja eiga við það þarf Reykjavíkurborg að fjárfesta í. Greining KPMG fyrir Þjóðskjalasafn Íslands, sem myndin byggir á, gerir ráð fyrir að væntur kostnaður næstu fimm árin við kaup á tæknilegum innviðum og fjárfestingu í mannauði sé metinn í kringum 500 milljónir króna. Áætlanir um framtíðaruppbyggingu þessara innviða hjá Borgarskjalasafni skortir til þess að geta nákvæmlega sett fingur á þann kostnað sem fjárfesting Reykjavíkurborgar mun verða á endanum.

Upplýsingaöryggi

Að lokum verður að gera þá kröfu til Borgarskjalasafnsins að ýtrustu viðmiðum um upplýsingaöryggi sé mætt. Til viðbótar við þá staðla um skjalfestingu og skjalastjórn sem safnið starfar eftir og nefndir hafa verið hér frammar þarf Reykjavíkurborg sömuleiðis að ráðast í vinnu við að innleiða staðal um upplýsingaöryggi hjá safninu (ISO 27001) og fá staðfestingu á virku stjórnkerfi með vottun.

Breytt framtíð



Hæfni til að reka tæknilega innviði

Stafræn framtíð krefst ekki bara fjárfestingar í tæknibúnaði heldur einnig í mannauði. Byggja þarf upp þekkingu meðal starfsfólks, á rekstri UT kerfa eða útvistun til ytri aðila, til framtíðar þ.m.t. rekstri netþjóna, vefþjóna, skráarkerfa, geymslumiðla og vélarsala. Þá þarf starfsfólk, sem mun sjá um samskipti við afhendingarskylda aðila, að veita fræðslu og ráðgjöf um skil gagna og hvernig þeim skal háttað auk þess að sjá um móttöku gagna og umbreytingu gagna í vörsluútgáfur.

Tryggja þarf sömuleiðis örugga afritun gagna í rafrænni langtíma vörslu. Gögn verða að vera vistuð í tveimur aðskildum tækniumhverfum, annars vegar eru starfrænar heimildir vistaðar og hins vegar vörslugögn sem vistuð verða í umhverfi ótengdu interneti og almennu neti safnsins, sjá yfirlitsmynd í viðauka III

Meðal tæknibúnaðar sem þarf að fjárfesta í er:

- Ný tæknilausn ásamt fjárfestingu í vélbúnaði og árlegur leyfiskostnaður (skýjalausn, onPrem, Hybrid)
- Gagnavistun, hýsingarumhverfi, stýrikerfi og fjárfesting á nýjum vélbúnaði og nettengingum (onPrem langtíma eða cloud)
- Vinna við öryggisvottanir á tæknilegum innviðum

Fjárfest í mannauði

Fyrirliggjandi er að nauðsynlegt er að byggja upp aukna þekkingu starfsfólks safnsins á málaflokknum þar sem um framtíðarverkefni í skjalavörslu er að ræða. Fjölga þarf stöðugildum innan safnsins þar sem áhersla er lögð á tækniþekkingu til að takast á við það breytta hlutverk sem fram undan er. Þá þarf sömuleiðis að gera ráð fyrir stöðugildum sem vinna að miðlun á safnkosti og tryggja stafrænt aðgengi notenda byggt á tækni sem taki mið af þörfum og þróun hverju sinni, þ.m.t notkun samfélagsmiðla, stafrænna upplestrarsala o.fl.

Áætlanir Borgarskjallasafns gera ráð fyrir að stöðugildum muni fjölga úr níu í 21 til ársins 2030. Í þeim tölum er gert ráð fyrir tveimur stöðugildum vegna langtíma varðveislu og tveimur vegna afgreiðslu rafrænna gagna. Ekki liggur fyrir áætlun um hvenær fjölgun stöðugilda þyrfti að eiga sér stað og varlega má áætla að þessi þáttur sé vanmetinn, fremur en ofmetinn í þeirri kostnaðargreiningu sem hér er sett fram. Bæði gæti reynst mikilvægt að fjölgun stöðugilda kæmi fyrir til framkvæmda en gert er ráð fyrir (fjölga um eitt stöðugildi á ári) auk þess sem ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar um þörf á stöðugildum vegna skönnunar og ljósmyndunar sérstaklega, en ljóst er að þar er um viðamikið verkefni að ræða.

Miðlun sögunnar

Ráðast þarf í vinnu við endurnýjun á upplýsingavef Borgarskjallasafns og uppfæra vefinn til samræmis við stefnu Reykjavíkurborgar. Um er að ræða viðamikið verkefni. Nýr vefur myndi gera safninu kleift að miðla safnkosti með aðgengilegum hætti til notenda skv. þjónustustefnu borgarinnar. Á eldri vef Borgarskjallasafns hefur safnið nú þegar miðlað yfir 200.000 skjölum að sögn borgarskjalarávarðar og áhugi er á að auka miðlun af því tagi. Vefur safnsins lá niðri mest allan tímann er þetta verkefni var unnið.

Aðrar áskoranir



Aukið samstarf við aðrar menningarstofnanir

Meginmarkmið þjónustustefnu Reykjavíkurborgar eru fjögur:

- Fagmennska
- Notendamiðuð hönnun
- Skilvirkni
- Nærþjónusta

Ljóst er að megininntak stefnunnar er að starfsfólk borgarinnar taki höndum saman um að veita notendum sem faglegastar upplýsingar á sem aðgengilegastan máta, óháð því hver þjónustuveitandinn er. Lögð er áhersla á að mæta þjónustuþegum á sem fjölbreyttastan hátt, með það að leiðarljósi að miðla upplýsingum á þann hátt sem notandanum hentar að taka á móti þeim.

Í dag er talsvert samstarf meðal helstu safna borgarinnar og ljóst að safnstjórar eru einhuga um að miðla til íbúa með sem fjölbreyttustum hætti. Borgarskjalasafn hefur þó staðið að nokkru leyti utan við þetta samstarf. Sýningarrými safnsins á 3. hæð í Grófarhúsi er lítið og óaðgengilegt gestum hússins, nema þeim sem erindi eiga við safnið sjálft og koma í móttöku þess. Ekki hefur orðið af samsýningum á 1. hæð hússins, þar sem efasemdir Borgarskjalasafns hafa verið um að hlutverki þess séu gerð nógu afgerandi skil í rými Borgarbókasafnsins.

Borgarskjalasafni ber að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenning t.d. á vef sínum og veita fræðslu um sögu borgarinnar á grundvelli skjala í vörslu þeirra. Það gæti verið skilvirkara fyrir borgina og notendur ef Borgarskjalasafn einbeitti sér að stafrænni miðlun og fræðslu en öðrum söfnum borgarinnar verði falið sýningahald m.a. á skjölum safnsins í samráði við Borgarskjalasafn. Allmikil reynsla og sérþekking er meðal starfsfólks á söfnum borgarinnar og vel færi á því að efla hlut þeirrar sögu sem skjöl borgarinnar varðveita og auka hlutdeild þeirra í þeirri miðlun sem á sér stað á vegum hinna ýmsu safna borgarinnar.

Staða í skipuriti


Til að safnið geti sinnt lögbundnu eftirlitshlutverki sínu þarf að tryggja sjálfstæði þess gagnvart stjórnendum borgarinnar. Óhæði safnsins er lykilatriði í eftirliti með skjalamyndun og skjalavörslu. Má ætla að núverandi staðsetning í skipuriti, undir Þjónustu- og nýsköpunarsviði (PON), hafi áhrif á sjálfstæði safnsins. Þar sem PON ber ábyrgð á skjalavörslu borgarinnar þá er í raun bæði eftirlit skjalavörslu og framkvæmd skjalavörslu á höndum sama aðila. Ein leið til að auka sjálfstæði væri að færa safnið í skipuriti til t.d. innri endurskoðunar svo hægt sé að draga skýrari línur milli framkvæmdar skjalavörslu og eftirlits með skjalavörslu.

Nauðsynlegt er að uppfæra samþykkt fyrir Borgarskjalasafn þar sem meðal annars ákvæði um grisjun stangast á við lög og eðlilegt er að samþykktirnar endurspegli breytt menningarhlutverk safnsins sé það niðurstaða Reykjavíkurborgar að fela öðrum söfnum borgarinnar að bera meiri ábyrgð á því hlutverki. Samkvæmt Borgarskjalasafni stendur til að endurskoða samþykktir safnsins þegar ný reglugerð um starfsemi opinberra skjalasafna verður samþykkt. Óljóst er hvenær sú reglugerð mun líta dagsins ljós en hún hefur verið í vinnslu frá 2014.


Samskiptavandi

Vísbendingar eru um að ekki sé fullur skilningur á hlutverki Borgarskjalasafns sem getur komið niður á möguleikum safnsins til að gegna hlutverki sínu. Vísbendingar eru um að ákveðinn samskiptavandi standi farsælu samstarfi safnsins við önnur svið borgarinnar fyrir þrifum. Efla þarf markvisst jákvæð samskipti, bæði hvað varðar góða stjórnsýsluhætti, skjalamyndun og skjalavörslu ásamt því að innleiða sterkari vitund um að allir aðilar eru hluti af starfsemi Reykjavíkurborgar. Gera þarf átak í að efla skilning og þátttöku lykilstjórnenda í skjalavörslu borgarinnar. Þá þarf að endurskoða skjalastefnu með það fyrir augum að móta sameiginlega sýn og skilgreina hlutverk helstu þátttakenda. Auka þarf rafræn skil og gera áætlun um útfösun pappírsgagna, eftir því sem hægt er, svo draga megí úr myndun pappírsgagna sem kalla á aukíð geymslurými í framtíðinni.

Samstarf Borgarskjalasafns framtíðarinnar og Þjóðskjalasafns



Samstarf Borgarskjalasafns framtíðarinnar og ÞÍ - Yfirlit



Borgarskjalasafn Reykjavíkur og Þjóðskjalasafn samnýta húsnæði, tækjakost og mannauð. Við greiningu er stuðst við hugmyndir úr frumathugun sem enn er í vinnslu um aukið samstarf milli Þjóðskjalasafns og Borgarskjalasafns og þær unnar áfram. Hlutverk Borgarskjalasafns er óbreytt hvað varðar skjalamyndun, skjalavörslu og eftirlit. Umbótaþörf í rekstri safnsins er sú sama og í fyrri valkosti og áskoranir þær sömu og þar er fjallað um.



Nýjar sameiginlegar höfuðstöðvar Borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafns reistar í samræmi við húsrýmisáætlanir.



Uppbygging þekkingar til að takast á við framtíðarverkefni skjalavörslu og miklir möguleikar á samnýtingu sérþekkingar.



Upplýsingaöryggi tryggt með innleiðingu verkferla Þjóðskjalasafns í samræmi við ISO 27001.




Sameiginlegt móttökuverkstæði vegna rafrænna skila en aðskilin langtímavarðveisla.



Kostnaðarskipting við rekstur húsnæðis og tækjabúnaðar 70/30 milli Þjóðskjalasafns Íslands og Borgarskjalasafns.

Samlegðaráhrif til framtíðar

Áætlaðar fjárfestingar og rekstrarkostnaður 2023 – 2029.



Laun og launatengd gjöld

Á næstu sjö árum er áætlaður kostnaður vegna launa **1.065 milljónir**, þar sem gert er ráð fyrir **sjö** nýjum starfsmönnum. Áætlað er að árlegur launakostnaður fari úr **108 m.kr** 2022 í **200m.kr.** 2029. Kostnaður er lægri en í sviðsmynd 1 vegna betri nýtingar í samstarfi við ÞÍ.

1.065 m.kr.



Annar kostnaður

Nýtt upplýsingakerfi og þjónustusamningur við ÞÍ. Kostnaður vegna hita, rafmagns og stjórnunarkostnaðar sem og einskriptiskostnaðar vegna flutninga (130 m.kr).

1.513 m.kr.



Byggingakostnaður

Gert er ráð fyrir að húsnæðið sé byggt í samstarfi við Þjóðskjalasafn sem myndi spara fermetra í sameiginleg rými. Má áætla að kostnaður vegna þess verði í kringum 4,9 milljarða króna.

4.915 m.kr.

Samtals kostnaður


7.492 m.kr.

7,5

milljarðar króna er áætlaður kostnaður* Reykjavíkurborgar vegna rekstrarkostnaðar og fjárfestinga í sameiginlegu húsnæði næstu sjö árin.

* Sjá nánari forsendur í viðauka V

Samstarf við Þjóðskjalasafn



Hagræði felst í samstarfi og samnýtingu

Fyrirliggjandi gögn benda til þess að aukið samstarf við Þjóðskjalasafn til framtíðar sé vænlegur kostur fyrir Reykjavíkurborg og Borgarskjalasafn. Mikil samlegðaráhrif er að finna meðal stofnananna tveggja m.t.t. húsnæðis, stafrænna innviða og mannauðs.

Mesta hagræðið í rekstri fæst með því að hafa alla starfsemi beggja stofnana í sama húsnæði þó í frumathugun sem enn er í vinnslu sé mælt með því að sameina höfuðstöðvar á einn stað og varðveisluhús á öðrum. Er það gert vegna þess hve fáar lóðir er að finna miðsvæðis sem henta undir slíka byggingu. Þó í sameiginlegum höfuðstöðvum annars vegar og varðveisluhúsi hins vegar felst ekki mikill sparnaður í fermetrum felst hagræðing einkum í rekstri fyrir báða aðila, t.d. aukið samstarf og nýting sérþekkingar starfsfólks. Fyrir því er vilji meðal stjórnenda Þjóðskjalasafns.

Sameiginlegt skönnunarver

Í dag hafa bæði Þjóðskjalasafn og Borgarskjalasafn litla skönnunareiningu sem æskilegt er að byggja upp í sameiningu til framtíðar. Áætlaður kostnaður vegna fjárfestingar við kaup á tækjum og öðrum búnaði er 15-30 m.kr. auk þess sem fjárfesta þarf í fleiri stöðugildum til þess að sinna því mikilvæga hlutverki sem skönnunin er.

Til þess að meta þann kostnað sem áætla þarf í skönnunarver með tilliti til stöðugilda og tíma þarf að ráðast í markvissa greiningarvinnu og meta það pappírsmagn sem æskilegt er talið að sé stafrænt.

Rekstrarhagræði í samnýtingu innviða

Sameiginlegt húsnæði gefur tækifæri til samnýtingar ýmissa rýma. Má þar nefna samnýtingu á rými fyrir almenning s.s. gestamóttöku, lestrarsal og annarri aðstöðu sem hönnuð yrði með þarfir notenda í huga.

Slíkt samstarf opnar sömuleiðis möguleikann á sameiginlegum rekstri innviða. Hægt væri að fjárfesta sameiginlega í öryggiskerfum sem þarf til að tryggja öryggi þeirra gagna sem varðveitt eru í báðum söfnum fyrir s.s. raka, hita, meindýrum og fleiru. Húsvarsla, mötuneyti og móttaka yrði sameiginleg í samnýttu húsnæði auk tæknibúnaðar í fyrirlestrasölum og fundarherbergjum.


Tryggja þarf öryggi gagna í langtímavarðveislu

Gera þarf ráð fyrir aðskildum skjala- og flokkunarrýmum í samnýttu húsnæði, bæði fyrir pappírsgögn sem og rafræna gagnavörslu þó sömu tæknikerfi geti nýst báðum söfnum. Slíkt húsnæði þyrfti að uppfylla staðal ISO 11799 um geymslu gagna í bóka- og skjalasöfnum. Staðallinn er sérsniðinn að geymslu gagna sem geyma þarf til frambúðar og tekur einnig tillit til skoðunaraðgengis að gögnum.

Móttökuverkstæði fyrir rafræn skil

Móttökuverkstæði hýsir sameiginlegan tækniinnviði sem notaður er við meðhöndlun, umbreytingu og varðveislu rafrænna gagna. Hagkvæmt er fyrir bæði söfnin að reka eitt sameiginlegt móttökuverkstæði fyrir rafræn skil. Hér, eins og lagt er upp með í frumathugun sem enn er í vinnslu miðast við að söfnin fjárfesti saman í fullkomnum tækjabúnaði sem nýtist báðum söfnum. Aðgengi að tæknilausninni yrði í samræmi við hlutfallsskiptingu á fjárfestingunni sem áður nefnd frumathugun miðar við að sé 70% Þjóðskjalasafn og 30% Borgarskjalasafn. Gert er ráð fyrir að stafræn langtímavarðveisla gagna verði aðskilin líkt og um annan safnkost.

Samnýting á sérþekkingu



Mannauður

Sömu áskoranir í uppbyggingu mannaúðs fylgja samstarfi Borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafns Íslands og þegar um uppbyggingu Borgarskjalasafnsins er að ræða (valkostur 1). Þau verkefni sem fylgja framtíðarþróun skjalavörslu fylgja Borgarskjalasafni inn í samstarfið og ábyrgð verkefnanna er sömuleiðis enn á herðum borgarinnar.

Fjárfesta þarf í aukinni þekkingu starfsfólks, fjölga þarf stöðugildum innan safnsins og leggja þarf áherslu á eflingu tækniþekkingar. Gera þarf ráð fyrir stöðugildum sem vinna að stafrænni miðlun á safnkosti og tryggja stafrænt aðgengi notenda í samræmi við þróun og breytingar á tækniumhverfi og þörfum íbúa.

Fyrri áætlanir Borgarskjalasafns, sem gera ráð fyrir að stöðugildum muni fjölga úr nú í 21 til ársins 2030, eiga því enn við og sömu fyrirvarar eru gerðir í framlagðri kostnaðargreiningu líkt og í umfjöllun um mannaúð í valkosti 1.

Hins vegar fylgja samstarfi við Þjóðskjalasafn ótal tækifæri til samnýtingar sérþekkingar og reynslu, t.d. hvað varðar forvörslu á safnkosti, ljósmyndun og skönnun. Að auki felst styrkur fyrir bæði söfnin í því að byggja upp sameiginlega þekkingu um rafræn skil og langtímarvarðveislu gagnasafna.

Í húsrýmisáætlun í frumathugun sem enn er í vinnslu er gert ráð fyrir samnýtingu almenningsrýma, húsrækturs o.fl. sem einnig felur í sér að söfnin geta deilt starfskröftum í þjónustustörfum, s.s. móttöku gesta og aðfanga, þjónustu við les- og fyrirlestrarsali, mótuneyti, þrif, húsvörslu og fleira slíkt.

Stafræn vegferð Þjóðskjalasafns

Eins og minnst var á í fyrsta valkosti þá er uppsetning á móttökuverkstæði aðeins lítil hluti af þeirri heildarfjárfestingu sem ráðast þarf í, sjá mynd í viðauka III. Þjóðskjalasafnið hefur þegar hafið vegferð sína við að gera verklag og úrvinnslu safnsins stafrænni í samræmi við markmið ríkisins um stafræna stjórnsýslu. Sú vegferð felst m.a. í því að koma upp fullnægjandi tæknilegum innviðum til að takast á við auknar kröfur og þarfir, ásamt því að auka varðveislu rafrænna gagna með tilheyrandi öryggisvottunum og stuðningi við afhendingarskyldum aðilum.

Uppsetning á tækjakosti vegna langtímarvarðveislu rafrænna gagna er skv. kostnaðargreiningu sem unnin var fyrir Þjóðskjalasafn um 500 milljónir króna. Sú kostnaðargreining gerir ráð fyrir þremur stöðugildum tengt upplýsingatækni og fimm stöðugildum í þjónustuver á næstu fimm árum. Kostnaður vegna fjárfestinga og reksturs nær yfir innleiðingu á tæknibúnaði og þróun á honum, prófanir, kennslu, breytingastjórnun, ferlahönnun o.s.frv. Þá nær kostnaðargreiningin einnig yfir innleiðingu á ISO 27001 öryggisvottun.

Æskilegt er, ef þessi valkostur verður valinn, að Reykjavíkurborg og Þjóðskjalasafn sameinist í þeirri vegferð sem hafin er.

Aðrar áskoranir



Sambærilegar áskoranir og í valkosti Borgarskjalasafn framtíðarinnar

Þó margvíslegur ávinningur fylgi samrekstri höfuðstöðva Borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafns Íslands er ekki hægt að horfa framhjá því að fjárfesta þarf í innviðum Borgarskjalasafns til þess að farsæll samrekstur stofnananna geti orðið að veruleika. Að mörgu leyti stendur borgin frammi fyrir sömu áskorunum hvort sem Borgarskjalasafn verður rekið í sama húsnæði og Þjóðskjalasafn eða byggt upp eitt og sér (sbr. valkost: Borgarskjalasafn framtíðarinnar).

Samhliða flutningi í sameiginlegt húsnæði þarf eftir sem áður að skoða staðsetningu Borgarskjalasafns í skipuriti borgarinnar til að tryggja getu þess til að sinna m.a. eftirlitshlutverki sínu. Efla þarf skilning og þátttöku lykilstjórnenda í skjalavörslu borgarinnar, marka stefnu og skilgreina hlutverk helstu þátttakenda svo kraftar séu sameinaðir í vinnu að sameiginlegu markmiði. Þá þarf ekki síður að huga að betri samskiptum milli hagaðila.

Auka þarf rafræn skil og gera áætlun um útfösun pappírsgagna, eins og hægt er, svo draga megi úr myndun pappírsgagna sem kalla á aukið geymslurými í framtíðinni óháð því hvort safnið verði sjálft í eigin húsnæði eða með Þjóðskjalasafni. Sömuleiðis þarf að tryggja viðeigandi stuðning við að nútímavæða skjalavörslu borgarinnar, í samræmi við markmið *Hliðunnar*, í samstarfi Borgarskjalasafns og skrifstofa ÞON.

Til að takast á við stafrænan veruleika þarf að byggja upp mannauð hjá Borgarskjalasafni. Styrkja þarf þekkingargrunn starfsfólks til að takast á við stafræna langtímaráætlun og stuðla að aukinni almennri tækniþekkingu starfsfólks. Þá þarf ekki síst að tryggja fjármagn í tækni, hug- og tækjabúnaði, til að mæta kröfum sem gerðar eru til nútímaskjalasafna. Tryggja þarf fjármagn til farsællar innleiðingar stafræns upplýsingakerfis sem nær utan um safnkost Borgarskjalasafns. Til lengri tíma litið skilar slík fjárfesting sér í mögulegum vinnutímasparnaði, bætir endurheimt úr safnkostinum og aðgengi að honum.

Miðlun á safnkosti

Líkt og í Borgarskjalasafn framtíðarinnar stendur Reykjavíkurborg frammi fyrir því að þurfa m.a. að fjárfesta í uppfærslu á vef Borgarskjalasafns til að gera safninu kleift að miðla með aðgengilegum hætti safnkostinum til notenda skv. þjónustustefnu borgarinnar.

Hvatt er einnig til þess að Reykjavíkurborg skoði vel verkaskiptingu milli safna borgarinnar líkt og fram kom á bls. 32.

An aerial photograph of a busy pedestrian plaza. The ground is paved with large, rectangular tiles. The color of the tiles transitions from a deep blue on the left to a vibrant purple on the right. Several people are walking across the plaza in various directions. Some are looking at their phones, while others are talking or gesturing. The overall scene is one of a modern, active public space.

**Horfa þarf á miðlun sögunnar
með gleraugum notandans**

Flutningur verkefna til Þjóðskjalasafns



Flutningur verkefna til Þjóðskjalasafns - Yfirlit



Verkefni Borgarskjalasafns flutt til Þjóðskjalasafns Íslands. Ábyrgð skjalavörslu og eftirlit með henni flyst á herðar Þjóðskjalasafns skv. lagaskyldu þar um. Gert ráð fyrir að Borgarsögusafn taki við menningarhlutverki Borgarskjalasafns í samstarfi við önnur söfn borgarinnar.



Safnkostur
Borgarskjalasafns fluttur í
húsnæði Þjóðskjalasafns
Íslands.



Möguleikar á flutningi
starfsfólks Borgarskjalasafns
til Þjóðskjalasafns samhliða
uppbyggingu
sveitarfélagasviðs hjá
Þjóðskjalasafni.



Upplýsingaöryggi tryggt
með ISO 27001 stjórnkerfi
Þjóðskjalasafns sem er
nú þegar hafin.



Greitt fyrir vörslu skv.
gjaldskrá Þjóðskjalasafns.
Gera má ráð fyrir gerð
þjónustusamnings um
viðtöku Þjóðskjalasafns við
hlutverki og safnkosti
Borgarskjalasafns.



Rafræn langtímaröðveisla
skv. ferlum
Þjóðskjalasafns.
Móttökuverkstæði
rafrænna skila rekið af
Þjóðskjalasafni.

Skynsamleg nýting fjármuna

Áætlaðar kostnaðir vegna flutnings Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns.



Laun og launatengd gjöld

517 m.kr.

Gert er ráð fyrir að Borgarskjalasafn þurfi að greiða launakostnað í fjögur ár eftir að tekin hefur verið ákvörðun um að færa verkefni til Þjóðskjalasafns. Hér er gert ráð fyrir því að laun séu greidd út árið 2026.



Annar kostnaður

482 m.kr.

Kostnaður vegna innri leigu, hita, rafmagns og stjórnunarkostnaðar sem og einkisþingakostnaðar vegna flutninga (130m.kr).



Geymslukostnaður

486 m.kr.

Áætlun gerir ráð fyrir línulegri aukningu í hillumetrum Borgarskjalasafns og að magn gígabæta haldist fast. Heildarkostnaður sem Borgarskjalasafn þyrfti að greiða Þjóðskjalasafni næstu 3 ár eftir flutninga er því rúmlega 147 m.kr á ári eða samtals 486 m.kr.

Samtals kostnaður

1.486 m.kr.

1.5

milljarðar króna næstu sjö árin er áætlaður kostnaður* Reykjavíkurborgar við að færa verkefni til Þjóðskjalasafns.

* Sjá nánari forsendur í viðauka V

Flutningur verkefna til Þjóðskjalasafns



Engin fyrirstaða í lögum um opinber skjalasöfn

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn er sveitarfélögum heimilt en ekki skylt að starfrækja héraðsskjalasafn. 18 sveitarfélög af 64, eða 28% þeirra, hafa valið að starfrækja ekki héraðsskjalasafn heldur skila sínum gögnum til Þjóðskjalasafns og fá þaðan eftirlit og ráðgjöf, þ.m.t. Hafnarfjörður, Garðabær og öll sveitarfélög á Suðurnesjum. Starfræki sveitarfélag ekki héraðsskjalasafn er sveitarfélagið afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum sem hefur þá eftirlits- og varðveisluhlutverki að gegna gagnvart sveitarfélaginu. Ef héraðsskjalasafn er lagt niður ber Þjóðskjalasafni skylda til að taka á móti og varðveita safnkost þess. Gera má ráð fyrir, skv. greiningu KPMG frá 2018, að kostnaður við yfirfærslu sé um 130 milljónir króna.

Kostnaður við þjónustu Þjóðskjalasafns

Hinn 30. nóvember 2022 tók gildi ný gjaldskrá Þjóðskjalasafns Íslands. Þar kemur fram að gjald fyrir varðveislur skjala sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns sé eftirfarandi:

| Lýsing | Verð kr. |
|---|-----------|
| Varðveisla pappírsskjala pr. hillumetra á ári | 6.000 kr. |
| Varðveisla rafrænna gagna pr. gígabæt á ári | 1.200 kr. |

Að óbreyttum lögum hefur Þjóðskjalasafn Íslands ekki heimild til að innheimta önnur gjöld af sveitarfélögum fyrir veitta þjónustu.

Verði verkefni Borgarskjalasafns færð til Þjóðskjalasafns ber Þjóðskjalasafni því lagaskyldu til þess að taka við núverandi safngögnum Reykjavíkurborgar. Einnig ber Þjóðskjalasafni skylda til að taka við afhendingarskyldum gögnum er verða skilaskyld um ókomna framtíð að óbreyttum lögum ásamt því að sinna öllum skyldum opinberra skjalasafna gagnvart Reykjavíkurborg.

Breytt ábyrgð Reykjavíkurborgar

Sé verkefni Borgarskjalasafns færð til Þjóðskjalasafns er ljóst að hlutverk og ábyrgð Reykjavíkurborgar breytist töluvert. Í raun og veru þýðir það að borgin ber ekki lengur ábyrgð á húsnæði, mannauð, stafrænum innviðum né öryggi enda væri borgin ekki lengur að reka héraðsskjalasafn. En borgin mun þurfa að greiða kostnað fyrir þjónustu í samræmi við gjaldskrá Þjóðskjalasafns líkt og önnur sveitarfélög sem eru skilaskyld til safnsins.

Geta Þjóðskjalasafns til að taka við verkefnum Borgarskjalasafns

Í ljósi stærðar safnkosts Borgarskjalasafns má ætla að Þjóðskjalasafn geti ekki tekið við öllum safngögnum ásamt því að sinna öðrum lagaskyldum gagnvart borginni miðað við núverandi fjárlög. Ætla má að Þjóðskjalasafn þurfi bæði aukið húsnæði og aukinn mannauð til að standa undir þjónustunni og óbreytt gjaldskrá mun líklega ekki geta staðið undir öllum þeim kostnaði.

Er því líklegt að Reykjavíkurborg þurfi að fara í viðræður við ríkið sé ætlunin að færa verkefni Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns. Í þeim viðræðum þyrfti t.d. að ræða húsnæðismál og mannauðsmál. Með hliðsjón af greiningu á samstarfi Borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafns má ætla að borgin geti t.d. aðstoðað Þjóðskjalasafn við að útvega lóð við hæfi innan borgarinnar.

Ef tekin verði ákvörðun um flutning verkefna til Þjóðskjalasafns þarf að móta vel skilgreinda 3-5 ára áætlun er felur í sér eflingu Þjóðskjalasafns svo það geti tekið við verkefnum Borgarskjalasafns samhliða því að Borgarskjalasafn undirbýr flutning verkefnisins yfir til Þjóðskjalasafns. Ráðlagt er að verkefnið sé unnið í góðu samstarfi milli aðila til að tryggja farsælan flutning og samstarf ásamt því að eftirlit og þjónusta við Reykjavíkurborg skerðist ekki.

Nýting á sérfræðipekkingu



Þekking og mannauður

Eins og fram hefur komið hér að framan er vaxandi þörf á sérþekkingu vegna rafrænnar langtímavarðveislu. Í dag er gerð sú krafa að gögn séu varðveitt á rafrænu formi, aðgengileg, óháð staðsetningu, hvar og hvenær sem er. Þörf er á sérþekkingu m.a. til að meta varðveislugildi gagna, sjá til þess að varðveisla þeirra sé örugg og að stafrænt aðgengi sé tryggt til framtíðar. Mikilvægt er að þekking sem er allt í senn sértæk, takmörkuð og verðmæt, sé ekki dreift milli aðila þar sem mikill styrkur felst í samnýtingu og samráði um sértæk málafni skjalavörslu. Það helst í hendur við uppbyggingu öflugra innviða upplýsingaöryggis, sem ná til vistunar, varðveislu og miðlunar.

Í stafrænum heimi er hægt að veita staðbundna og persónulega þjónustu þó svo gögn og tækniinnviðir séu miðlægir. Stafræn gögn eru aðgengileg heima í héraði þó svo gagnavistunin sé miðlæg, innanlands eða erlendis.

Með flutningi verkefna til Þjóðskjalasafns er ljóst að umsýsla, eftirlit og ábyrgð á skjölum er varða sveitarfélög mun verða stærri hluti en áður í starfsemi safnsins. Það gæti skapað eftirspurn eftir viðeigandi sérþekkingu. Ljóst er að í starfsmannahópi Borgarskjalasafns er víðtæk sérfræðipekking á skjalamálum sveitarfélaga og styrkur gæti reynst fyrir safnið að nýta þá þekkingu og reynslu sem finna má í hópi starfsfólks Borgarskjalasafns.

Með því að byggja upp eitt öflugt safn er hægt að tryggja skynsamlega nýtingu fjármuna hins opinbera ásamt því að byggja upp safn með öflugan mannauð til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Öflugir tækniinnviðir, mannauður og markviss miðlun á stafrænan hátt þýðir að hægt er að þjónusta allt landið þótt Þjóðskjalasafn Íslands sé staðsett á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er hægt að auka samstarf bókasafna og Þjóðskjalasafns en samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn geta bókasöfn verið milliliður við opinber skjalasöfn um aðgang að pappírsskjölum.

Samtaka í stafrænni vegferð



Stafræn vegferð Þjóðskjalasafns

Líkt og minnst var á í lýsingu á valkosti um samstarf Borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafns þá hefur Þjóðskjalasafn Íslands, í kjölfar stefnumótunarvinnu, hafið vegferð í átt að nútímalegri stafrænni innviðum með tímasettri 5 ára áætlun. Ný tæknilausn, sjá heildarmynd í viðauka III, kallar á fjárfestingu í nýjum tæknilegum innviðum, breytingu á skipulagi safnsins og breytta nálgun á langtímararðveislu gagna.

Stefnt er að því að tækniumhverfi Þjóðskjalasafns skuli, í samræmi við markmið stjórnvalda, stuðla að skilvirkri opinberri þjónustu, herra þjónustustigi og auknum gæðum ásamt því að ná fram betri nýtingu fjármuna og stuðla að skilvirkni hjá hinu opinbera. Markmið stjórnvalda er sömuleiðis að auka vægi stafrænnar þjónustu með því að nýta innviði ríkisins, s.s. þjónustu island.is og veita aðgengi að gögnum á öruggan og skilvirkan hátt í gegnum gagnaflutningslagið Strauminn (X-Road).

Mikið hagræði hlýst af þeirri stafrænni vegferð sem hafin er. Með því að hraða rafrænni skjalavörslu meðal skilaskyldra aðila og minnka þannig þörf fyrir geymsluhúsnæði má hraða ábatanum af þeirri vegferð og styðja þannig við vistvæna stefnu ríkisins og grænu skrefin í ríkisrekstri. Á sama tíma stuðla að nýsköpun, auknu vægi rannsókna byggt á opinberum gögnum og tryggja aðgang hagsmunaaðila að rafrænni gagnasafni. Allt þetta mun ekki síst auðvelda stjórnvöldum að ná settu marki um rafræna vistun gagna fyrir árið 2025 og um leið efla öryggi við varðveislu menningararfs og gagna í varðveislu Þjóðskjalasafns Íslands.

Menningarmiðlun Þjóðskjalasafns á minni borgarinnar

Séu verkefni Borgarskjalasafns færð yfir til Þjóðskjalasafns færirst einnig ábyrgð á almennri miðlun upplýsinga um sögu Reykjavíkurborgar til Þjóðskjalasafns. Þjóðskjalasafn væri þá með á sinni könnu að miðla þjóðarsögunni ásamt sögu Reykjavíkurborgar og allra sveitarfélaga sem eru skilaskyld til safnsins.

Þjóðskjalasafn hefur sett sér metnaðarfulla stefnu til framtíðar þar sem meðal annars á að tryggja að öll skjöl verði innskönnuð og aðgengi og miðlun tryggð til þeirra er við á hverju sinni. Ætla má því að Reykjavíkurborg eigi greiðan aðgang að skjölum úr sínum fórum ef metnaðarfullar áætlanir Þjóðskjalasafns ganga eftir.

Það gæti þó verið skynsamlegt að áður en verkefni Borgarskjalasafns eru færð til Þjóðskjalasafns að klárað verði að skanna inn í samstarfi við Þjóðskjalasafn allan safnkost safnsins svo hann sé strax frá upphafi rafrænt aðgengilegur borginni. Þannig ætti aðgengi að safnkostinum ekki að grundvallast á forgangsröðun Þjóðskjalasafns við innskönnun.



Reykjavíkurborg ætti þá einnig að skoða að efla menningarmiðlun annarra safna sbr. umfjöllun hér að ofan svo þau séu betur í stakk búin að miðla einnig minni Reykjavíkur út frá skjalasafninu. Vakin er athygli á því að opinberum skjalasöfnum, þar á meðal Þjóðskjalasafn Íslands, er heimilt að lána skjöl til notkunar í öðrum söfnum ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega. Því getur Reykjavíkurborg áfram aðstoðað borgarbúa við að nálgast skjöl sem varðveitt eru hjá Þjóðaskjalasafni í gegnum Borgarbókasafn.

05

Viðaukar



Viðauki I

Hugtakaskýringar

Lög og reglugerðir

01

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014

Markmið laga þessara er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi.

02

Þjóðskjalasafn setur reglur

Þjóðskjalasafn Íslands skal setja reglur skv. 1. tölul. 8. gr. laga um opinber skjalasöfn um það hvernig skjalastjórn og skjalavörslu í stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og afhendingarskyldra aðila skuli hagað, svo og skráningu, flokkun og frágangi skjala til afhendingar til opinberra skjalasafna, þ.m.t. skilmála um staðla fyrir skjalavistunarkerfi og samþykkt á skjalavistunarkerfum.

03

Reglur um skráningu mála og málgagna afhendingarskyldra aðila nr. 85/2018

Reglur þessar gilda um skráningu mála og málgagna hjá afhendingarskyldum aðilum.

04

Reglur um tilkynningu, samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum nr. 877/2020

Reglurnar gilda um rafræn gagnasöfn sem notuð eru til að mynda, safna, skrá og varðveita skjöl og önnur gögn sem geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi afhendingarskyldra aðila og skylt er að tilkynna til opinbers skjalasafns.

05

Reglur um málalykla afhendingarskyldra aðila nr. 572/2015

Reglurnar gilda um málalykla sem afhendingarskyldir aðilar skulu nota til þess að raða og halda utan um skjalaflokkinn málafni í skjalasafni.

06

Reglur um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum nr. 100/2014

Þær gilda um afhendingu á vörsluútgáfum gagna úr rafrænum gagnakerfum, þ.e. rafrænna skráa, rafrænna gagnagrunna, rafrænna dagbókarkerfa og rafrænna mála- og skjalavörslukerfa.

Hugtakaskilgreiningar

Mál

Hugtakið mál er notað um þau viðfangsefni eða úrlausnarefni sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá afhendingarskyldum aðilum.

Skjalaflokkur

Skjalasafn hvers afhendingarskylds aðila samanstendur oftast af mörgum skjalaflokkum, sem skiptast niður í aðal- og undirskjalaflokka í samræmi við samsetningu skjalasafnsins. Hver einstakur skjalaflokkur verður til hjá afhendingarskyldum aðila við lausn verkefna, vegna sérstaks efnisinnihalds skjalanna sem unnið er með, notkunar þeirra og forms. Það ræðst af starfsskipulagi og verkefnum viðkomandi aðila hvaða skjalaflokkar eru í skjalasafninu.

Málasafn

Málasafn er skjalaflokkur í skjalasafni afhendingarskylds aðila þar sem vistuð eru skjöl um samskipti og málsatvik. Með málasafni er átt við gögn á pappír og rafræn, t.d. innkomin og útsend bréf, minnisblöð og orðsendingar innanhúss sem og samninga, greinargerðir, skráð símtöl, skýrslur o.fl. sem oft eru hluti máls og varpa ljósi á það.

Málaskrá

Í málaskrá eru skráðar upplýsingar um skjal um leið og það berst afhendingarskyldum aðila, þegar það er sent eða verður til í málsmeðferð. Skjölunum er raðað eftir málalykli og þau vistuð í málasafni.

Skjalavörslu-tímabil

Skjalavörslutímabil er fyrirfram ákveðið og afmarkað tímabil sem skjalavörslu og skjalastjórn hjá afhendingarskyldum aðilum er skipt niður á. Þessi skipting í tímabil á við málasafn, málalykil, málaskrá, skjalavistunaráætlun og rafræn gagnasöfn með skjölum sem samþykkt hafa verið. Algengast er að skjalavörslutímabil sé fimm ár.

Málalykill

Í málaskrá eru upplýsingar um skjal skráðar um leið og það berst afhendingarskyldum aðila, þegar það er sent eða verður til í málsmeðferð. Skjölunum er raðað eftir málalykli og þau vistuð í málasafni.

Skjalavistunaráætlun

Skjalavistunaráætlun er grundvallarstjórn tæki í skjalasafni afhendingarskyldra aðila. Í henni eru upplýsingar um myndun, varðveislu og aðgengi að öllum skjalaflokkum sem verða til í starfseminni. Skjalavistunaráætlun veitir yfirlit yfir ákvarðanir sem hafa verið teknar um hvern skjalaflokk, þau skjöl sem mynda hann og um meðferð og frágang skjalanna. Skjalavistunaráætlun er því vitnisburður um myndun, aðgengi og varðveislu allra skjalaflokka sem verða til í starfsemi afhendingarskyldra aðila.

Viðauki II

Lögfræðileg álitæfni

Rýni á lög um opinber skjalasöfn með stafrænum gleraugum

Rafræn varsla til frambúðar

Lög um opinber skjalasöfn eru frá 2014 og í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum kemur fram áhersla á rafræna vörslu til frambúðar. Segir þar að gögn nútímastjórnsýslu séu í umtalsverðum mæli rafræn og mikill hluti þeirra verði ekki varðveittur til framtíðar öðruvísi en á rafrænu formi. Ákvæði laganna um rafræna stjórnsýslu byggja að mestu leyti á lagabreytingum er áttu sér stað 2008 en þá var lögum um Þjóðskjalasafn Íslands breytt til að safnið gæti gegnt hlutverki sínu að taka við rafrænum gögnum.

Umrædd lög eru almennt séð nokkuð tæknilega hlutlaus og ættu ekki að hindra stafræna framþróun í starfsemi opinberra skjalasafna. Þó verður að telja að lögin séu heldur ekki framsækin þegar kemur að stafrænni framþróun. Þannig tapast t.d. tækifæri til að nýta stafræna framþróun til að lækka kostnað við opinbera skjalavörslu.

Álitaefni

Við vinnslu skýrslunnar kom fram að ákveðin vistun gagna Borgarskjalasafns á sér stað í Danmörku í tengslum við rafræn skil. Fram komu efasemdir um hvort vistun gagnasafna utan Reykjavíkur/Íslands væri í samræmi við lög um opinber skjalasöfn. Borgarskjalasafn brást við þeirri gagnrýni og eru rafræn gagnasöfn nú varðveitt bæði í Danmörku og hjá Borgarskjalasafni. Reykjavíkurborg hefur óskað eftir álitum Þjóðskjalasafns á þessari framkvæmd og er beðið eftir skriflegu svari safnsins.

Tækifæri til stafrænnar framþróunar

Tilfni er til þess að endurskoða lög um opinber skjalasöfn svo tækifæri til stafrænnar framþróunar endurspeglast betur í lögnum. Meðal annars er tilfni til að endurskoða eða skýra eftirfarandi atriði betur:

- Heimila grisjun allra gagna sem búið er að koma yfir á stafrænt form. Mikilvægt er að tryggja lagalegt gildi slíkra stafrænna heimilda t.d. fyrir dómstólum.
- Skýra betur hvar og hvernig stafræn gagnavarsla fer fram. T.d. hvort varðveislustaðurinn þurfi að vera í eigu og í húsakosti skjalasafna, hvort útvista megi slíkri vistun og hvort hún megi eiga sér stað innan EES eða eingöngu á Íslandi/starfssvæði opinberra skjalasafna.
- Endurskoða betur hlutverk opinberra skjalasafna er kemur að miðlun þjóðarsögunnar. Starfsemi opinberra skjalasafna hefur þróast yfir í að vera meira eftirlits- og varðveisluhlutverk og því gæti miðlun þjóðarsögunnar í gegnum sýningarhald og fræðslu verið betur fyrir komið hjá opinberum aðilum sem eingöngu einbeita sér að miðlun sögunnar svo sem Þjóðminjasafni og byggðasöfnum. Þó yrði opinberum skjalasöfnum ávallt skylt að miðla sögunni á stafrænan hátt m.a. til að gera öðrum aðilum kleift að miðla þjóðar- og byggðasögu.

Menningarhlutverk opinberra skjalasafna

Menningarhlutverk opinberra skjalasafna

Lengi vel var það eitt helsta verkefni héraðsskjalasafna að varðveita sögu sinna svæða og segja frá þeirri sögu. Var þá menningarhlutverk héraðsskjalasafna mjög ríkt. Með lögum um opinber skjalasöfn, er tóku gildi árið 2014, urðu þó miklar breytingar á þar sem hlutverk opinberra skjalasafna færðist yfir í aukið stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk við að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala ásamt varðveislu.

Sést það m.a. á því að í 13. gr. laganna er fjallað um hlutverk opinberra skjalasafna og er hvorki minnst á menningu né miðlun í þeirri upptalningu. Í raun er hvergi í lögum tilgreint menningarhlutverk opinberra skjalasafna en í 20. gr. er fjallað um almenna miðlun upplýsinga um þjóðarsöguna en þar segir: „*Opinber skjalasöfn skulu vinna að því að gera skjöl aðgengileg almenningi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti, og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu þeirra.*“ Má því ætla að menningarhlutverk opinberra skjalasafna felist fyrst og fremst í því að gera skjöl aðgengileg, veita fræðslu um söguna og síðan leiðbeina og gera gögn aðgengileg t.d. til rannsókna og fræðistarfa sbr. 13. gr. sömu laga. Mikilvægt er að hafa í huga að Reykjavíkurborg er ekki skylt að halda úti opinberu skjalasafni (Borgarskjalasafni) og því er Reykjavíkurborg heldur ekki skylt að standa undir menningarhlutverki opinberra skjalasafna.

Samspil laga um opinber skjalasöfn og safnalaga

Við vinnslu verkefnisins vöknudu spurningar um hvort ekki væri hægt að samþætta betur menningarhlutverk Borgarskjalasafns við menningarhlutverk annarra safna sem eingöngu vinna að miðlun sögunnar. Var því óskað eftir því að skoða samspil safnalaga nr. 141/2011 við lög um opinber skjalasöfn sem og möguleika á að útvísta menningarhlutverki Borgarskjalasafns til annarra safna innan borgarinnar.

Í 2. gr. safnalaga kemur fram að lögini taki til safna í eigu ríkisins og til annarra safna sem eru viðurkennd samkvæmt lögum þessum. Segir síðan í 2. mgr. 2. gr. að *lög þessi taka ekki til bóka- og skjalasafna* og í frumvarpi með lögnum kemur fram að lögini taki ekki til bóka- og skjalasafna enda gilda um þau ákvæði annarra laga. Er því mjög skýrt að mismunandi lög gilda um almenn söfn annars vegar og hins vegar bóka- og skjalasöfn.

Í 19. gr. laga um opinber skjalasöfn er fjallað um útlán skjala. Þar kemur fram að opinberum skjalasöfnum er heimilt að lána skjöl til notkunar í öðrum opinberum skjalasöfnum, í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns *eða öðrum söfnum* og rannsóknastofnunum ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega. Heimilt er að binda slík útlán skilyrðum um viðhlítandi öryggisráðstafanir til varðveislu skjalanna.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur sett reglur og skilmála um millisafnalán til opinberra skjalasafna, bókasafna eða rannsóknarstofnana ásamt því að hafa sett skilmála vegna láns á skjölum og myndum af skjölum til sýninga. Er því ljóst að Þjóðskjalasafn Íslands gerir ráð fyrir því að hægt sé að lána skjöl til bæði bókasafna og til sýningahalds að uppfylltum umræddum reglum. Ætla má að Borgarskjalasafn geti því sett sambærilega reglur.

Menningarhlutverk opinberra skjalasafna

Útvistun verkefna til Borgarbókasafns

Líkt og kom fram hér að framan hefur Þjóðskjalasafn sett reglur og skilmála um millilánasafn í samræmi við 19. gr. laga um opinber skjalasöfn. Er ekkert því til fyrirstöðu að Borgarbókasafn taki að sér hlutverk Borgarskjalasafns þegar kemur að því að skapa aðstöðu fyrir íbúa til að nálgast skjöl staðbundið. Sama á við ef Borgarskjalasafn yrði lagt niður og verkefni þess færð til Þjóðskjalasafns. Gæti slíkt falið í sér bættu þjónustu til íbúa þar sem Borgarbókasafn er með fleiri afgreiðslustaði en Borgarskjalasafn og Þjóðskjalasafn.

Útvistun verkefna til Borgarsögusafns

Menningarhlutverk opinberra skjalasafna er ekki kjarnastarfsemi þeirra líkt og fram hefur komið hér að framan þótt að sjálfsgöðu sé það mikilvægt hlutverk. Hafa því opinber skjalasöfn nokkuð frjálssar hendur þegar kemur að því hversu miklum fjármunum og tíma skuli varið í almenna miðlun upplýsinga um þjóðarsöguna.

Lögin tala annars vegar um að *gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti* og síðan að *veita fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu þeirra*. Ætla má að það sé erfitt að fela öðrum en Borgarskjalasafni eða viðeigandi opinberu skjalasafni það hlutverk að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi enda þarf að yfirfara skjölin sérstaklega og meta með tilliti til fjölbreyttra þátta hvort og hvaða skjöl séu hæf til opinberrar birtingar. Öðru máli gegnir um fræðslu um sögu byggðarlaga á grundvelli skjala.

Borgarsögusafn stuðlar að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararf borgarinnar. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningarminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og miðla sögu hennar og menningu frá landnámi til samtímans.

Það er því ákveðin skörun á starfsemi Borgarskjalasafns og Borgarsögusafns. Þar er tækifæri til að skilgreina betur hlutverk hvors safns og hugsanlega ná fram betri upplifun notenda og betri nýtingu fjármuna með því að fela Borgarsögusafni að sinna fræðslu byggða á safnkosti Borgarskjalasafns.


Eðlilegt er að Reykjavíkurborg sem eigandi beggja safna setji sér skýra sýn og verkaskiptingu milli þessara safna til að tryggja sem besta upplifun notenda sem og nýtingu fjármuna. Verður því ekki séð að nein lagaleg hindrun sé á því að fela t.d. Borgarsögusafni að sjá um fræðslu og sýningarhald þegar kemur að safnkosti Borgarskjalasafns. Þannig gæti Borgarskjalasafn sett sambærilegar reglur og Þjóðskjalasafn þegar kemur að láni á skjölum eða ljósmyndum til sýninga. Séu verkefni Borgarskjalasafns færð til Þjóðskjalasafns Íslands ætti Borgarsögusafn að geta fengið skjöl og myndir að láni til sýningarhalds á grundvelli reglna Þjóðskjalasafns. Þar sem Borgarsögusafn fellur undir safnalög gilda ströng lagaskilyrði um m.a. húsnæði, aðgengi og öryggismál. Má því ætla að Borgarsögusafn uppfylli skilyrði reglna Þjóðskjalasafns sem og reglna Borgarskjalasafns ef það safn myndi setja sambærilegar reglur. (Sjá meðal annars 7. gr. safnalaga).

Sé ætlunin að fela Borgarsögusafni að miðla sögu borgarinnar úr safnkosti Borgarskjalasafns eða Þjóðskjalasafns, sé safnkosturinn færður þangað, er æskilegt að það komi skýrt fram í samþykktum Borgarsögusafns. Einnig væri æskilegt að það kæmi skýrt fram í samþykktum Borgarskjalasafns að því beri að starfa í nánú samstarfi við Borgarsögusafn í tengslum sýningahald og fræðslu og fela safninu formlega að setja reglur um lán á skjölum og myndum til sýningahalds til annarra safna borgarinnar.

Viðauki III

Tæknileg högun

Tæknilausn byggð á OAIS - heildarsýn



Nánari upplýsingar

Einungis er um yfirlitsmynd að ræða, endanlega útfærsla mun ráðast af þeirri tæknilausn sem valin er. Heildarsýn er í samræmi við verklag og nálgun sem önnur þjóðskjalasöfn hafa tileinkað sér og byggð á OAIS Reference Model (ISO 14721).

OAIS – lýsing á ferlum



Aðgengi

Aðgengi verður tvíþætt, annars vegar eru stafrænar heimildir sem eru aðgengilegar á Internetinu, ýmist opið öllum eða aðgengi stýrt. Svo hins vegar vörslugögn þar sem aðgengi er stýrt inn á þar til gerðan lessal hjá Þjóðskjalasafni.



Gagnavistun

Gögn verða vistuð á tveimur aðskildum tækniumhverfum, annars vegar eru stafrænar heimildir vistaðar á hörðum diskum og spólum og hins vegar vörslugögn sem vistuð verða í umhverfi ótengdu Interneti og almennu neti safnsins. Þau gögn yrðu geymd á aðskildum vélarsölum á LTO spólum og hörðum diskum.

Nánari upplýsingar

Ekki er um tæmandi lista að ræða heldur einungis helstu virkni sem þarfagreining hefur leitt í ljós.



Skráningarkerfi

Það CMS (Collection Management System) kerfi sem verður fyrir valinu mun halda utan um skráningu skjala og gagna. Þar eru lýsigögn og raun/stafræn staðsetning gagnanna skráð.



Skjalamóttaka

Fylgi fordæmi Norðurlanda og bjóði upp á umhverfi sem styður við rafræna stjórnsýslu. Aðstoði við og annist umbreytingu gagna í samstarfi við skilaskylda aðila og einstaklinga.




Gagnastýring


Gögn verða aðgengileg í gegnum stafrænt aðgangskerfi DAMS (Digital Assets Management System) og stýrt niður á notendur og hópa.

Tæknilausn – tæknumhverfi og þjónustuborð

TÆKNIUMHVERFI



STAÐSETNING RAFRÆNNA GAGNA



Viðauki IV

Viðmælendur og gögn

Viðauki V

Fjárhagsleg gögn

Forsendur fyrir útreikningum

| Söguleg verðbólga og verðbólguvæntingar | | | | | | | | | | | | |
|---|------|------|-------|-------|--------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
| Verðbólga | | 2% | 3,60% | 5,10% | 8,20% | 5,60% | 3,50% | 2,60% | 2,50% | 2,50% | 2,50% | 2,50% |
| Launavísitala | | | | | -0,40% | 0,30% | 0,70% | 1,50% | 1,70% | 1,70% | 1,60% | 1,60% |

1. Kostnaðaráætlun Borgarskjalasafn framtíðarinnar

| Kostnaðaráætlun BsR | | | | | | | | | |
|---|----------------|----------------|----------------|----------------|------------------|------------------|-------------------------------|------------------|------------------|
| p.kr. | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
| Laun og launatengd gjöld | | | | | | | | | |
| Heildar launakostnaður | 100.083 | 107.890 | 163.255 | 150.852 | 158.212 | 174.832 | 192.175 | 210.081 | 228.694 |
| Annar kostnaður | | | | | | | | | |
| Vörukaup | 15.815 | 17.111 | 18.070 | 18.702 | 19.188 | 19.668 | 20.160 | 20.664 | 21.180 |
| Þjónustugjöld við NEA | | | 4.800 | 6.000 | 8.000 | 9.000 | 9.000 | 9.225 | 9.456 |
| Vinnsla og varðveisla vörsluskráa | | | - | 2.000 | 1.500 | | | | |
| Nýtt upplýsingakerfi (Scope) | | | 1.600 | 1.690 | 1.749 | 1.794 | 1.839 | 1.885 | 1.932 |
| Stafrænir innviðir v. langtíma vörslu og miðlunar | | | | - | - | - | - | - | - |
| Heildar annar rekstrarkostnaður | 15.815 | 17.111 | 24.470 | 28.392 | 30.437 | 30.462 | 30.999 | 31.774 | 32.568 |
| Húsnæðiskostnaður | | | | | | | | | |
| Innri leiga | 58.030 | 62.789 | 66.305 | 68.626 | 70.410 | 72.170 | 73.974 | 313.731 | 321.574 |
| Kostnaður við að byggja nýtt húsnæði | | | 20.700 | 338.100 | 799.800 | 836.400 | 978.600 | 1.021.200 | 1.065.300 |
| Daglegur rekstrarkostnaður | | | 34.102 | 35.296 | 36.213 | 37.119 | 38.047 | 38.998 | 39.973 |
| Kostnaður við flutninga | | | | | | | | 64.805 | 64.805 |
| Heildar húsnæðiskostnaður | 58.030 | 62.789 | 121.107 | 442.021 | 906.423 | 945.689 | 1.090.621 | 1.438.733 | 1.491.652 |
| Laun og annar kostnaður | 115.898 | 125.001 | 187.725 | 179.244 | 188.649 | 205.295 | 223.174 | 241.855 | 261.262 |
| Húsnæðiskostnaður | 58.030 | 62.789 | 121.107 | 442.021 | 906.423 | 945.689 | 1.090.621 | 1.438.733 | 1.491.652 |
| Samtals | 173.928 | 187.790 | 308.832 | 621.265 | 1.095.072 | 1.150.984 | 1.313.795 | 1.680.588 | 1.752.914 |
| | | | | | | | Kostnaður næstu 7 árin | 7.923.450 | |

1. Forsendur fyrir útreikningum

Innri leiga

Innri leiga miðast við að núverandi fermetrafjöldi Borgarskjalasafns en gert er ráð fyrir því að flutningar yfir í nýtt húsnæði fari fram 2028 og 2029. Við það að flytja yfir í nýtt húsnæði eykst fermetrafjöldi í 5.167 m². Miðað er við húsaleigu, úr frumathugun sem enn er í vinnslu, að fjárhæð 4.190 krónur á mánuði sem uppreiknast svo á verðlagi 2028 og 2029, sem byggir á verðbólguvæntingum og verðbólguþéttum Seðlabanka Íslands.

Daglegur rekstrarkostnaður

Til viðbótar við leiguverð bætist daglegur rekstrarkostnaður sem felur í sér umsýslu, vöktun, þrif, kostnað við rafmagn, hita o.fl. . Stuðst er við útreikninga úr áðurnefndri frumathugun þar sem daglegur rekstrarkostnaður er áætlaður 550 krónur á fermetra á mánuði.

Fjölgun starfsfólks

Gert er ráð fyrir því að starfsfólki fjölgi um níu næstu sjö árin og að launin séu á bilinu 10 – 12 milljónir per stöðugildi eftir því hvaða stöðu um ræðir. Laun og launatengd gjöld eru síðan látin vaxta með launavísitölu.

Flutningskostnaður

Gert er ráð fyrir því að flutningar yfir í nýtt húsnæði taki tvö ár og fari fram árið 2028 og 2029.

Vanmarkar

Sviðsmyndin er m.a. vanmetin þar sem ekki er búið að áætla fyrir stafrænum innviðum vegna langtímaþróunar og miðlunar gagna.

2. Samnýting húsnæðis

| Kostnaðaráætlun BsR | | | | | | | | | |
|--|----------------|----------------|----------------|----------------|------------------|------------------|-------------------------------|------------------|------------------|
| p.kr. | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
| Laun og launatengd gjöld | 100.083 | 107.890 | 114.255 | 119.054 | 133.935 | 149.561 | 165.842 | 182.642 | 200.130 |
| Annar kostnaður | | | | | | | | | |
| Vörukaup | 15.815 | 17.111 | 18.070 | 18.702 | 19.188 | 19.668 | 20.160 | 20.664 | 21.180 |
| Vinnsla og varðveisla vörsluskráa | | | 4.000 | 2.000 | 1.500 | | | | |
| Nýtt upplýsingakerfi (Scope) | | | 1.600 | 1.690 | 1.749 | 1.794 | 1.839 | 1.885 | 1.932 |
| Þjónustusamningur við ÞÍ | | | - | - | - | - | - | - | - |
| Heildar annar rekstrarkostnaður | 15.815 | 17.111 | 23.670 | 22.392 | 22.437 | 21.462 | 21.999 | 22.549 | 23.112 |
| Húsnæðiskostnaður | | | | | | | | | |
| Innri leiga | 58.030 | 62.789 | 66.305 | 68.626 | 70.410 | 72.170 | 73.974 | 307.456 | 315.142 |
| Kostnaður við að byggja nýtt húsnæði | | | 20.100 | 327.600 | 775.500 | 810.600 | 951.900 | 993.000 | 1.036.200 |
| Daglegur rekstrarkostnaður | | | 33.079 | 34.237 | 35.127 | 36.005 | 36.905 | 37.828 | 38.774 |
| Kostnaður við flutninga | | | | | | | | 64.805 | 64.805 |
| Heildar húsnæðiskostnaður | 58.030 | 62.789 | 119.484 | 430.463 | 881.037 | 918.775 | 1.062.780 | 1.403.089 | 1.454.921 |
| Laun og annar kostnaður | 115.898 | 125.001 | 137.925 | 141.446 | 156.372 | 171.023 | 187.841 | 205.190 | 223.242 |
| Húsnæðiskostnaður | 58.030 | 62.789 | 119.484 | 430.463 | 881.037 | 918.775 | 1.062.780 | 1.403.089 | 1.454.921 |
| Samtals | 173.928 | 187.790 | 257.409 | 571.908 | 1.037.409 | 1.089.798 | 1.250.621 | 1.608.279 | 1.678.163 |
| | | | | | | | Kostnaður næstu 7 árin | 7.493.588 | |

2. Forsendur fyrir útreikningum

Innri leiga

Innri leiga miðast við að núverandi fermetrafjöldi Borgarskjalasafns en gert er ráð fyrir því að flutningar yfir í nýtt húsnæði fari fram 2028 og 2029. Með samnýtingu húsnæðis sparast 2% og verður fermetrafjöldi í 5.063 m². Miðað er við húsaleigu, sem byggir á frumathugun, að fjárhæð 4.190 krónur á mánuði sem uppreiknast svo á verðlagi 2028 og 2029, sem byggir á verðbólguvæntingum og verðbólguþætti Seðlabanka Íslands.

Daglegur rekstrarkostnaður

Til viðbótar við leiguverð bætist daglegur rekstrarkostnaður sem felur í sér umsýslu, vöktun, þrif, kostnað við rafmagn, hita o.fl. Stuðst er við útreikninga úr áðurnefndri frumathugun þar sem daglegur rekstrarkostnaður er áætlaður 550 krónur á fermetra á mánuði.

Fjölgun starfsfólks

Gert er ráð fyrir því að starfsfólki fjölgi um sjö næstu sjö árin og að launin séu á bilinu 10 – 12 milljónir per stöðugildi eftir því hvaða stöðu um ræðir. Laun og launatengd gjöld eru síðan látin vaxta með launavísitölu.

Flutningskostnaður

Gert er ráð fyrir því að flutningar yfir í nýtt húsnæði taki tvö ár og fari fram árið 2028 og 2029.

Vanmarkar

Sviðsmyndin er m.a. vanmetin þar sem ekki er búið að áætla fyrir stafrænum innviðum vegna langtímaþróunar og miðlunar gagna.

3. Færa verkefni til Þjóðskjalasafns

| Kostnaðaráætlun BsR | | | | | | | | | |
|---------------------------------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|----------------|
| Þ.kr. | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 |
| Laun og launatengd gjöld | 100.083 | 107.890 | 114.255 | 119.054 | 133.935 | 149.561 | | | |
| Annar kostnaður | 15.815 | 17.111 | 18.070 | 18.702 | 19.188 | 19.668 | | | |
| Húsnæðiskostnaður | 58.030 | 62.789 | 66.305 | 68.626 | 70.410 | 72.170 | | | |
| Kostnaður vegna flutninga | | | | | | 129.610 | | | |
| Kostnaður vegna geymslu Pappírsskjala | | | | | | | 146.628 | 161.066 | 175.504 |
| Kostnaður vegna geymslu G.B | | | | | | | 1.044 | 1.044 | 1.044 |
| Heildar kostnaður (BsR) | 173.928 | 187.790 | 198.630 | 206.382 | 223.533 | 371.008 | 147.672 | 162.110 | 176.548 |

3. Forsendur fyrir útreikningum

Innri leiga

Innri leiga miðast við að núverandi fermetrafjöldi Borgarskjalasafns og að leiga og annar húsnæðiskostnaður standi frá 2023 – 2026, en það er sá tími sem áætlað er að það taki að færa Borgarskjalasafn yfir til Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir því að laun verði greidd næstu fjögur árin, eða frá 2023 – 2026.

Daglegur rekstrarkostnaður

Til viðbótar við leiguverð bætist daglegur rekstrarkostnaður sem felur í sér umsýslu, vöktun, þrif, kostnað við rafmagn, hita o.fl.

Fjölgun starfsfólks

Gert er ráð fyrir því að starfsfólki fjölgi í takt við þörf fyrir starfsfólk í sviðsmyndinni Borgarskjalasafn framtíðarinnar og að launin séu á bilinu 10 – 12 milljónir á hvert stöðugildi eftir því hvaða stöðu um ræðir. Laun og launatengd gjöld eru síðan látin vaxta með launavísitölu. Gert er ráð fyrir launakostnaði frá 2023 – 2026 sem er sá tími sem áætlað er að það taki að færa Borgarskjalasafn yfir til Þjóðskjalasafns.

Flutningskostnaður

Gert er ráð fyrir flutningum árið 2026 og að kostnaður við flutninga verði 129,6 milljónir.

Vanmarkar

Frá og með 2027 eða frá þeim degi sem Borgarskjalasafn færir yfir til Þjóðskjalasafns, er gert ráð fyrir fyrir föstum kostnaði vegna geymslu gígabæta, en þar sem ekki liggur fyrir þarfagreining um magn gígabæta, þá hefur föst upphæð að fjárhæð 1 milljón á ári verið áætluð út spátímabilið.

Samanburður kostnaðar

| Samanburður kostnaðar eftir sviðsmyndum | | | | | | | | |
|---|---------|---------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| p.kr | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | Samtals |
| Borgarskjalasafn 2.0 | 308.832 | 621.265 | 1.095.072 | 1.150.984 | 1.313.795 | 1.680.588 | 1.752.914 | 7.923.450 |
| Samstarf Borgarskjalasafns 2.0 og ÞÍ | 257.409 | 571.908 | 1.037.409 | 1.089.798 | 1.250.621 | 1.608.279 | 1.678.163 | 7.493.588 |
| Flutningur verkefna til ÞÍ | 198.630 | 206.382 | 223.533 | 371.008 | 147.672 | 162.110 | 176.548 | 1.485.883 |

| Rekstrarkostnaður eftir sviðsmyndum | | | | | | | | |
|--------------------------------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|-----------|
| p.kr | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | Samtals |
| Borgarskjalasafn 2.0 | 288.132 | 347.970 | 360.077 | 314.584 | 335.195 | 659.388 | 687.614 | 2.992.960 |
| Samstarf Borgarskjalasafns 2.0 og ÞÍ | 237.309 | 309.113 | 326.714 | 279.198 | 298.721 | 615.279 | 641.963 | 2.708.298 |
| Flutningur verkefna til ÞÍ | 198.630 | 206.382 | 223.533 | 371.008 | 147.672 | 162.110 | 176.548 | 1.485.883 |

| Byggingakostnaður eftir sviðsmyndum | | | | | | | | |
|--------------------------------------|--------|---------|---------|---------|---------|-----------|-----------|-----------|
| p.kr | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 | 2029 | Samtals |
| Borgarskjalasafn 2.0 | 20.700 | 338.100 | 799.800 | 836.400 | 978.600 | 1.021.200 | 1.065.300 | 5.060.100 |
| Samstarf Borgarskjalasafns 2.0 og ÞÍ | 20.100 | 327.600 | 775.500 | 810.600 | 951.900 | 993.000 | 1.036.200 | 4.914.900 |
| Flutningur verkefna til ÞÍ | - | - | - | - | - | - | - | - |

KPMG

Samþykkt fyrir Borgarskjalasafn

I. KAFLI

Um stjórnun safnsins og verksvið þess.

1. gr.

Borgarskjalasafn er sjálfstæð skjalavörslustofnun í eigu Reykjavíkurborgar. Safnið er undir faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands. Borgarráð samþykkir stefnumörkun í málefnum safnsins og hefur eftirlit með að samþykktum og stefnu sé fylgt. Stjórn Borgarskjalasafns er í höndum forstöðumanns, borgarskjalavarðar. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr borgarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

2. gr.

Borgarskjalasafn er héraðsskjalasafn Reykjavíkur og skal rekstri þess hagað í samræmi við lög um Þjóðskjalasafn og reglugerð um héraðsskjalasöfn. Borgarskjalasafn markar stefnu um meðferð og frágang skjala hjá borgarstofnunum og fyrirtækjum borgarinnar.

3. gr.

Hlutverk Borgarskjalasafns er söfnun, innheimta, skráning og varðveisla skjala og annarra skráðra heimilda um starfsemi og sögu borgarinnar til notkunar fyrir borgaryfirvöld. Skjölín eru jafnframt tiltæk við fræðilegar rannsóknir á sögu borgarinnar og fyrir einstaklinga og lögaðila til að kynna sér skráningu er varðar hagsmuni þeirra og réttindi. Safnið hefur eftirlit með skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila. Það gefur út verklagsreglur um skjalavörslu þ.m.t. um ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar.

Skjöl teljast gögn sem geyma upplýsingar hvort sem þau eru tölvugögn, skrifuð gögn, upprættir og teikningar, ljósmyndir, hljóðupptökur eða önnur hliðstæð gögn.

4. gr.

Hlutverki sínu skal Borgarskjalasafn meðal annars gegna á þann hátt að;

- innheimta og varðveita skjöl afhendingarskyldra aðila
- líta eftir skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila, láta þeim í té ráðgjöf, gefa út leiðbeiningar um skjalavörslu og tölvuskráningu og ákveða ónýtingu skjala sem ekki er talin ástæða til að varðveita til frambúðar
- gangast fyrir fræðslu um skjalavörslu fyrir þá sem annast skjalavörslu í stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar, svo sem með námskeiðum og leiðbeiningarritum
- skrásetja varðveitt skjalasöfn og gefa út prentaðar eða fjölritaðar skrár um þau til leiðbeiningar um notkun þeirra
- leiðbeina safngestum um notkun varðveittra skjala og heimilda safnsins, vísa safngestum á heimildir eftir því sem kostur er, efla þekkingu á sögu Reykjavíkur og stuðla að rannsóknum á henni
- halda opnum lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt er að sinna fræðistörfum og færa sér í nyt varðveitt skjöl og aðrar heimildir safnsins.

5. gr.

Borgarskjalavörður er forstöðumaður Borgarskjalasafns. Hann skal hafa sérfræðilega menntun og staðgóða þekkingu á skjalavörslu og starfsemi/rekstri skjalasafna auk almennrar stjórnunarþekkingar. Borgarskjalavörður ber ábyrgð á rekstri og stjórnslu safnsins, þar með talið fjármálum, starfsmannamálum og framkvæmd stefnumörkunar borgaryfirvalda. Borgarskjalavörður fer með skjalavörslu í Reykjavík í samræmi við gildandi lög og reglugerðir um héraðsskjalasöfn og ber ábyrgð á faglegri starfsemi safnsins.

Borgarskjalavörður veitir þeim sem hafa afhendingarskyldu til Borgarskjalasafns ráðgjöf varðandi upplýsinga- og skjalamál.

Borgarskjalavörður ber ábyrgð á viðhaldi búnaðar safnsins í samráði við Framkvæmdasvið.

II. KAFLI

Skjalastjórn, safnkostur, aðföng og grisjun.

6. gr.

Afhendingarskyldu til Borgarskjalasafns hafa allar stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar. Fyrirtæki og byggðasamlög, sem Reykjavíkurborg á að meira en hálfu, skulu haga skjalavörslu í samræmi við stefnumörkun og skilgreiningar Borgarskjalasafns. Borgarskjalasafn skal leiðbeina þeim um gerð skjalavistunaráætlana og taka gögn þeirra til endanlegrar varðveislu þegar þeim er skilað.

Þeim félögum og samtökum í Reykjavík, sem njóta verulegra styrkja af opinberu fé, er skylt að afhenda Borgarskjalasafni skjöl sín sé eftir því leitað. Borgarskjalasafn skal setja sér söfnunarstefnu í því skyni að varðveita fjölbætta mynd af sögu Reykjavíkur og Reykvíkinga.

Forstöðumenn borgarstofnana bera ábyrgð á skjalavörslu stofnunar sem þeir veita forstöðu og skulu sjá svo um að skjöl stofnunarinnar séu ávallt í góðri reglu. Þeir skulu fara eftir reglum Borgarskjalasafns um skráningu, flokkun og frágang skjala. Skjalavistunarkerfi og skjalageymslur þeirra skulu samþykkt af Borgarskjalasafni áður en þau eru tekin í notkun.

Áður en afhendingarskyld stofnun er lögð niður eða sameinuð annarri stofnun skal forstöðumaður hennar kalla Borgarskjalasafn til ráðgjafar um meðferð skjala og afhendingu.

Ef frágangur skjala er ekki fullnægjandi við afhendingu, er Borgarskjalasafni heimilt að taka gjald fyrir frágang. Safninu er heimilt með rökstuðningi að innheimta geymslugjald í sérstökum tilvikum.

7. gr.

Borgarstofnanir og aðrir afhendingarskyldir aðilar skulu að jafnaði afhenda Borgarskjalasafni til varðveislu skjöl sem eldri eru en 20 ára, miðað við síðustu innfærslu í bók eða síðasta bréf afgreidds máls. Borgarskjalavörður getur lengt þennan frest eða stýtt hann ef sérstakar ástæður mæla með því. Krefjast má þess að gögn á tölvutæku formi séu afhent fyrir.

Afhendingarskyldum aðilum er óheimilt að ónýta skjöl í skjalasöfnum nema samkvæmt reglum Borgarskjalasafns um ónýtingu skjala eða með heimild borgarskjalavarðar. Komi upp álitamál um eyðingu skjala skal leita álits borgarskjalavarðar. Ágreiningi um ónýtingu skjala afhendingarskyldra aðila skal vísað til úrskurðar stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns.

8. gr.

Borgarskjalasafn hefur lestrarsal fyrir almenning þar sem unnt er að sinna fræðistörfum og leita eftir upplýsingum úr skjölum safnsins.

Um aðgang að skjölum og öðrum gögnum, sem varðveitt eru í Borgarskjalasafni, fer samkvæmt stjórnslulögum og upplýsingalögum. Leiki vafi á rétti til aðgangs að gögnum leitar borgarskjalavörður leiðsagnar lögfræðiskrifstofu Stjórnslu- og starfsmannasviðs áður en ákvörðun er tekin.

Fræðimenn, sem nota skjöl safnsins í ritum sínum, skulu ávallt vísa til heimildar samkvæmt viðurkenndum reglum.

Borgarskjalasafn setur sérstakar reglur um afnot og aðgang að skjölum á lestrarsal. Brjótí gestir gegn þeim fyrirmælum er heimilt að banna þeim afnot af safninu.

9. gr.

Óheimilt er að lána skjöl úr safninu. Afhendingarskyldir aðilar eiga þó rétt á aðgangi að skjölum sem þeir hafa afhent Borgarskjalasafni. Stofnanir, sem fá skjöl að láni, bera ábyrgð á varðveislu þeirra og skilum á tilteknum tíma.

Aðili, sem ekki er afhendingarskyldur, getur takmarkað aðgang að skjölum sem hann afhendir.

10. gr.

Samþykkt fyrir Borgarskjalasafn svo breytt kemur í stað samþykktar frá 28. maí 2002. Hún öðlast gildi að fenginni staðfestingu þjóðskjalaverðar.

*Samþykkt í borgarráði 23. febrúar 2006
Staðfest af þjóðskjalaverði 2. mars 2007*



UMSÖGN

Viðtakandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Sendandi: Borgarlögmaður

Umsögn um tillögu um framtíðarhögun starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur

Hinn 7. febrúar 2023 var óskað eftir rýni borgarlögmans á fyrirliggjandi tillögu borgarstjóra til borgarráðs um að starfsemi Borgarskjalasafns verði lögð niður í núverandi mynd og að lögbundin verkefni þess verði flutt til Þjóðskjalasafns Íslands. Þá samkvæmt tillögunni verði verkefni þess sem tilgreind eru í samþykkt borgarráðs og snúa að menningarmiðlun, flutt til Borgarsögusafns og/eða annarra menningarstofnana á menningar- og íþróttasviði.

Borgarskjalasafn er héraðsskjalasafn og starfar m.a. á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Í lögum um opinber skjalasöfn eða öðrum lögum er ekki mælt fyrir um skyldu sveitarfélaga að reka héraðsskjalasöfn innan sinna staðarmarka þó þeim sé það heimilt.

Við yfirferð yfir helstu fyrirmæli laga og reglna um héraðsskjalasöfn og skyldur sveitarfélaga í tengslum við skjalavörslu hefur borgarlögmaður ekki rekist fyrirmæli eða umfjöllun í þeim sem komi í veg fyrir eða takmarki heimildir sveitarfélaga til að ákveða að hætta rekstri héraðsskjalasafns á vegum þess.

Af hálfu borgarlögmans er því ekki gerð athugasemd við þá samantekt á lagalegum álitaefnum sem er að finna í kynningu ráðgjafarsviðs KPMG frá janúar 2023.

Fyrir hönd borgarlögmans,



Theodór Kjartansson
lögmaður



Borgarráð

Afgreiðslubréf: Umsögn stafræns ráðs um tillögu borgarstjóra um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns

Á fundi stafræns ráðs þann 22. febrúar var lagt fram trúnaðarmerkt bréf borgarstjóra um tillögu um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns, dags. 14. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum. Einnig lögð fram trúnaðarmerkt umsögn stafræns ráðs um tillögu borgarstjóra um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns, dags. 20. febrúar 2023. sbr. 4 lið fundargerðar stafræns ráðs s.d.

Samþykkt með 4 atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknarflokks og Pírata gegn 1 atkvæði fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stafrænu ráði lýsa furðu sinni yfir asa og leynd vegna ákvarðanartöku um framtíðartilhögun starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Ákvörðunin felur í sér verulega breytingu á stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og fullt tilefni til að flýta sér hægt í málinu, kynna sviðsmyndir fyrir borgarbúum, hagaðilum og öðrum stjórnvöldum. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að samráð eða samtali hafi verið náð við ríkisvaldið um hvað felist í að flytja verkefni Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns né hvaða kostnaður falli á skattgreiðendur þess vegna. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hvetja borgarráð til að vinna málið gaumgæfilega og í djúpu samráði við alla hagaðila.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fyrir liggur umsögn ráðsins um áform þess efnis að leggja niður Borgarskjalasafn Reykjavíkur án viðunandi samráðs við sjálfan Borgarskjalavörð og sem virðast einungis byggð á skýrslu ráðgjafafyrirtækis á sviði rekstrar og endurskoðunar sem rýnir í kostnaðarliði og fjárhagslegt mat, aðila sem býr hvorki yfir fagþekkingu til að meta menningarverðmæti safnsins né mikilvægi lýðræðis- og eftirlitshlutverks þess. Fulltrúi Sósíalista spurði á kynningu á skýrslunni, hvar þær fórnir kæmu fram sem hlytu að felast í gríðarlegum áætluðum peningasparnaði við að fela Þjóðskjalasafni verkefni Borgarskjalasafns og hvernig þær reiknuðust í krónutöluna. Ekki fengust viðunandi eða skýr svör við þeim spurningum. Forkastanlegt er að taka slíkar



Ákvarðanir án þess að bera þær undir fagfólk með skilning á menningarverðmætum sem ekki reiknast fram í reiknivélum bókhaldsfyrirtækja, án vitundar og fulls samráðs þeirra sem hafa varðveitt safnið af fagmennsku, og af skyldurækni við stofnanir og einstaklinga sem hafa falið því einkasöfn sín til varðveislu. Skjalasöfn varðveita mikilvæg gögn sem hafa bein áhrif á almenn og sértæk réttindi borgara og lögaðila sem þarf ávallt að vera hægt að ganga að sem vísun. Því er ekki hægt að samþykkja umsögnina, sem vanrækir það hlutverk ráðsins sem snýr að lýðræði og gagnsæi, og mun fulltrúi Sósíalista í ráðinu birta eigin umsögn um tillöguna.

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknarflokks og Pírata lögðu fram svohljóðandi gagnbókun:

Áskoranir í starfsemi Borgarskjalasafns hafa legið fyrir í yfir áratug og á þeim tíma hefur fjöldi aðila komið að greiningum og viðræðum. Á fundi borgarráðs 1. september 2022 var lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 25. ágúst 2022, sbr. samþykkt stafræns ráðs frá 24. ágúst 2022 um stefnumörkun á framtíðarhögun starfsemi Borgarskjalasafns. Í bréfinu var lögð fram tillaga þess efnis að mörkuð yrði stefna fyrir starfsemi safnsins þar sem skoðað væri nánara samstarf og/eða frekari þjónustukaup frá Þjóðskjalasafni Íslands, ásamt áframhaldandi viðræðum við Framkvæmdasýslu ríkisins um framtíðarhúsnæði safnanna. Til þess að leiða verkefnið var skipaður starfshópur sem samanstóð af starfsfólki Reykjavíkurborgar, þ.á.m. átti Borgarskjalasafn tvo fulltrúa í starfshópnum og var Borgarskjalavörður annar þeirra aðila. Starfshópurinn leitaði til ráðgjafarsviðs KPMG til að greina og leggja fram valkosti fyrir framtíðarhögun safnsins. Þá var leitað til ýmissa hagaðila og kallað eftir svörum við lögfræðilegum álitamálum sem gerð er grein fyrir í skýrslu KPMG sem starfshópurinn samþykkti. Það er hagur allra að framtíð skjalavörslu, varðveisla og aðgengi að gögnum borgarinnar sé með ábyrgum, öruggum og framsýnum hætti, ásamt sem bestri nýtingu fjármuna, innviða og þekkingar hvers tíma. Taka þarf ákvörðun um fyrirkomulag í takt við samfélags- og tæknibreytingar og vinna markvisst í góðu samráði við hagaðila að farsælli skjalavörslu borgarinnar til framtíðar.

Tilkynnist það hér með.

F.h. stafræns ráðs,

Eva Pandora Baldursdóttir,
starfsmaður stafræns ráðs



UMSÖGN

Efni: Umsögn stafræns ráðs um tillögu borgarstjóra um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns.

Héraðsskjalasöfn, þ.m.t. Borgarskjalasafn Reykjavíkur, starfa samkvæmt leyfi frá Þjóðskjalasafni Íslands og lúta auk þess faglegu eftirliti stofnunarinnar. Söfnin starfa samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglugerð nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn. Markmið laganna og tilgangur opinberra skjalasafna er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Samkvæmt fyrrgreindu er starfsræksla héraðsskjalasafna lögheimilt verkefni sveitarfélaga en ekki lögskylt. 45 sveitarfélög skila gögnum sínum beint til þeirra 20 héraðsskjalasafna sem starfrækt eru víðsvegar um landið en Borgarskjalasafn er þeirra lang stærst. 19 sveitarfélög skila hinsvegar gögnum sínum beint til Þjóðskjalasafns Íslands og telur íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga samanlagt um 40% landsmanna. Að baki Borgarskjalasafni eru um 36% af íbúafjölda landsins.

Í a.m.k. áratug hafa áskoranir í starfsemi Borgarskjalasafns m.a. í húsnæðismálum legið ljósar fyrir. Árið 2014 var Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar falið að gera úttekt og þarfagreiningu fyrir safnið þar sem ljóst var að leysa þurfti áskoranir m.a. hvað geymslugetu varðar í nýju húsnæði til framtíðar. Frá árinu 2020 hafa svo staðið yfir könnunarviðræður við Framkvæmdasýslu ríkisins um hugsanlega sameiginlega byggingu fyrir Þjóðskjalasafn Íslands og Borgarskjalasafn Reykjavíkur. Fóru fulltrúar m.a. frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Framkvæmdasýslu ríkisins – Ríkiseignum, Þjóðskjalasafni Íslands, Þjónustu- og nýsköpunarsviði og Borgarskjalasafni Reykjavíkur til Danmerkur í október 2021 til að skoða varðveisluhús í Kaupmannahöfn og í Viborg vegna þessa.

Samhliða hóf Framkvæmdasýsla ríkisins vinnu við gerð frumathugunar þar sem möguleikar í nýjum sameiginlegum höfuðstöðvum og varðveisluhúsi fyrir stofnanirnar tvær voru kannaðir enn frekar. Samkvæmt verklagsreglum Framkvæmdasýslunnar fól sú athugun í sér þarfagreiningu og húsrýmisáætlun og var í þessu tilviki miðað við þróun starfseminnar næstu 15-30 árin. Þegar fyrstu drög lágu fyrir í upphafi árs 2022, var ljóst að mjög mikil samlegðaráhrif væru í nýjum höfuðstöðvum með nánú samstarfi beggja safna eða með yfirfærslu verkefna sem myndu skila sér í mun lægri kostnaði, betri nýtingu sérþekkingar og bættri þjónustu. Á þessum tímapunkti var hins vegar ákveðið að staldra við þar sem spurningum um stafræna framtíð þótti ekki svarað með nægilega afgerandi hætti en ljóst var að rafræn langtímavarsla myndi ekki aðeins vaxa margfalt í náinni framtíð heldur einnig breyta eðli grunnstarfsemi safnanna að miklu leyti. Óábyrgt hefði verið að skoða ekki ofan í kjölinn áhrifin af þessari þróun og hvernig skynsamlegt væri að bregðast við henni.



Á öðrum fundi stafræna ráðsins í ágúst 2022 var svo samþykkt að fara í frekari greiningarvinnu og stefnumörkun um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns sem tók m.a. mið af húsnæðismálum, mannauði, öryggismálum og stafrænum innviðum fyrir nútíma skjalavörslu. Starfshópur var skipaður með erindisbréfi utan um verkefnið sem samanstóð af m.a. borgarskjalaverði, sérfræðingi frá Borgarskjalasafni, sérfræðingi í upplýsinga- og skjalastýringu og sérfræðingi í upplýsingatækni á þjónustu- og nýsköpunarsviði Reykjavíkurborgar, ásamt því að leitað var ráðgjafar hjá m.a. safnstjóra Borgarsögusafns, borgarbókaverði og þjóðskjalaverði.

Tækniþróun sú sem nú á sér stað er að gjörbreyta meðhöndlun gagna og skjala og þar með starfsháttum og möguleikum í starfsemi skjalasafna. Mikilvægt er að hraða stafrænni umbreytingu skjalasafna til að ábatinn í starfsemi stofnana skili sér að fullu sem fyrst. Til þess að það sé unnt er þörf á mikilli fjárfestingu og uppbyggingu í sérhæfðum tækjakosti og þjálfun starfsfólks. Talið er að um 50% af gögnum heimsins hafi orðið til á undanförunum tveimur árum sem gerir það enn brýnna að flýta og efla stafræna getu skjalasafna. Að öðrum kosti sér fram á ógnarmikinn vöxt í þörf fyrir geymslur undir pappírsgögn sem er bæði umhverfis- og efnahagslega óhagkvæmt, fyrir utan það að vera ekki í anda stefnu borgarinnar um sjálfbærni.

Áskoranir Þjóðskjalasafns Íslands og Borgarskjalasafns Reykjavíkur eru í stórum dráttum þær sömu, en bæði söfnin standa frammi fyrir nýjum veruleika sem kallar á nýjar áherslur og nýjar lausnir í rafrænum skilum og miðlun. Í jafn sérhæfðu fagi og skjalavarsla er, og í jafn fámennu samfélagi og Ísland er, hljóta því að vakna upp spurningar um hvort það sé skynsamleg nýting fjármuna, mannauðs og innviða að starfrækja tvær stórar og sérhæfðar stofnanir í Reykjavík sem gegna í grunninn sama hlutverki og veita sömu þjónustu, en önnur geymir gögn er varða stjórnarsýslu ríkisins og nær helmings sveitarfélaga, en hin stofnunin geymir gögn stjórnarsýslu höfuðborgarinnar.

Stafræn umbreyting þrýstir mjög á nýtingu stærðarhagkvæmni þar sem gerð og rekstri tæknilausna fylgir oft nokkur kostnaður. Því er oft góður kostur að byggja upp þau tækniúhverfi sem í eðli sínu eru einsleit með það markmið að þau þjóni sem stærstum markaði. Þetta á sannarlega við í tilfelli tækniúhverfis skjalasafna og þeirrar þekkingar sem nauðsynlegt er að byggja upp í tengslum við rafræna langtímarvarðveislu og stafræna miðlun gagna skjalasafna.

Þjóðskjalasafn Íslands hefur nýlega lagt fram metnaðarfulla stefnumörkun um stafræna framtíð safnsins. Sem framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar lögum samkvæmt er safnið lykilaðili í því að stafræn umbreyting stjórnarsýslunnar fari alla leið, þ.e. frá því að gögn eru mynduð á rafrænu formi, þau notuð í stjórnarsýslunni, tekin til varðveislu og þeim síðan miðlað. Stafræn vegferð Þjóðskjalasafns er komin í góðan farveg. Þegar hefur verið hafist handa við að stíga mikilvæg skref í undirbúningi á þeim breytingum sem óhjákvæmilegar eru til að sú framtíðarsýn náist með framsækinni stefnumörkun sem og skýrri áætlun um stórtæka grisjun pappírsskjala um allt að 40%, samhliða magnskönnun þeirra yfir í stafrænt form. Þá hefur skipulagi safnsins verið breytt og tvær nýjar fageiningar litið dagsins ljós í starfseminni þ.e. fageining fyrir gagnaskil og eftirlit sem leiðir stafræna umbreytingu safnsins og fageining fyrir stafræna endurgerð sem hefur það verkefni að koma meira af safnkostinum á rafrænt form til miðlunar á vefinn með magnskönnun.



Borgarskjalasafn er sennilega komið lengst héraðsskjalasafna í móttöku stafrænna skjalasafna, en fjölmörg önnur stór og fjárfrek skref þarf að taka til viðbótar svo safnið geti talist fullbúið undir stafræna framtíð. Sá valkostur sem tillaga borgarstjóra byggir á gerir ráð fyrir að tilfærsla verkefna Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns verði unnin af yfirvegun yfir 3-5 ára tímabil, í nánu samstarfi milli aðila til að tryggja farsælan flutning og samstarf. Það helst í hendur við uppbyggingu öflugra upplýsingatækniinnviða og -öryggis, sem ná til vistunar, varðveislu og miðlunar.

Þá er til viðbótar reifaður möguleiki á flutningi starfsfólks Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns samhliða uppbyggingu sveitarfélagasviðs hjá Þjóðskjalasafni, því mikilvægt er að þekking sem er allt í senn verðmæt, sértæk og takmörkuð, sé ekki dreift milli aðila þar sem mikill styrkur felst í samnýtingu og samráði um sértæk málefni skjalavörslu. Mikil og ört vaxandi þörf er um allt land á sérþekkingu vegna rafrænnar langtímavarðveislu, m.a. til að meta varðveislugildi gagna, sjá til þess að varðveisla þeirra sé örugg og að stafrænt aðgengi sé tryggt til framtíðar. Á sama tíma er faliðun og lítil fjölgun fagmenntaðra upplýsingafræðinga áskorun um allt land.

Það verður ekki fram hjá því horft að Borgarskjalasafn stendur á tímamótum hvað umbreytingu á þjónustu varðar, það sama á við Þjóðskjalasafn. Óbreytt ástand er ekki möguleiki.

Það að leggja niður Borgarskjalasafn í þeirri mynd er það nú starfar og kaupa þjónustu af Þjóðskjalasafni er því ekki aðeins líklegt til að styrkja með tímanum þá þjónustu sem Borgarskjalasafn Reykjavíkur hefur veitt, heldur einnig Þjóðskjalasafn Íslands í þeirri uppbyggingu sem framundan er. Reikna má með því að sú ákvörðun og að beina fjárfestingum í málaflokknum í eina stofnun muni flýta stafrænni vegferð Þjóðskjalasafns og stuðla að fljóttari og öflugri uppbyggingu tækniinnviða í tengslum við auknar kröfur um nútíma langtímavarðveislu, sem aftur er líklegt til að gagnast skjalasöfnum almennt um land allt. Breyting sem þessi hlýtur því að vera bæði hagkvæm og æskileg fyrir ríki sem og Reykjavíkurborg og þar með íbúa lands og borgar. Að auki má því gera ráð fyrir því að þjónusta við þau sem nýta skjalasöfn verði bæði öflugri og notendavænni með tilkomu nýrra tækniinnviða.

Það er yfirlýst stefna Reykjavíkurborgar að vinna með íslenska ríkinu og öðrum sveitarfélögum þegar það á við. Mikilvægt er að nýta þau tækifæri vel þegar grundvöllur samstarfs er fyrir hendi innan hins opinbera í umbreytingu á þjónustu sem leiðir til hagkvæmni fyrir samfélagið, ásamt faglegum, umhverfislegum og menningarlegum ávinningi fyrir alla hagaðila eins og opinberar stofnanir, íbúa, fyrirtæki, háskóla- og fræðasamfélagið. Í þeirri tillögu er þessi umsögn nær til, með sérstaka áherslu á varðveisluhlutann, er verið að taka stór skref sem marka mun framtíðina. Eðlilegt er að slík breyting veki umtal og spurningar, en það er sannfæring fulltrúa [meirihlutans] í stafrænu ráði Reykjavíkurborgar að hér sé ekki aðeins verið að taka mikilvægt skref í þróun á þjónustu borgarinnar við landsmenn alla heldur einnig hárrétt skref m.t.t. stafrænnar framþróunar Reykjavíkurborgar og Íslands. Með því að beina kröftum samfélagsins að uppbyggingu eins nútímalegs skjalasafns er verið að tryggja skynsamlega nýtingu fjármuna hins opinbera, ásamt því að byggja upp safn sem nýtir sérþekkingu mannauðs með sem skilvirkustum hætti þar sem stuðst er við nútímatækni til þess að efla þjónustuna og takast á við áskoranir framtíðarinnar.



Reykjavíkurborg
Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Kristinn Jón Ólafsson,
formaður stafræns ráðs

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Umsögn um tillögu borgarstjóra um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns.

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 28. febrúar 2023 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar f.h. borgarráðs dags. 21. febrúar 2023 þar sem óskað er eftir umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs um tillögu borgarstjóra. Einnig lögð fram umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs dags. 23. febrúar 2023 um tillögu borgarstjóra um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns sbr. 1. liður fundargerðar menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs 28. febrúar 2023.

Fulltrúar Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins lögðu fram breytingartillögu vegna umsagnar menningar- íþrótt- og tómstundaráðs.

Breytingartillagan var felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar gegn 3 atkvæðum Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins.

Tillaga að umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs var samþykkt með fjórum atkvæðum Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar gegn 3 atkvæðum Vinstri grænna og Sjálfstæðisflokksins.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Meirihluti menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs leggur áherslu á að horft sé til framtíðar varðandi varðveislu gagna og aðgengis að þeim fyrir almenning. Það samræmist ágætlega hlutverki Borgarsögusafns og Borgarbókasafns, að sinna fræðslu- og miðlunarstarfi og skapa aðstöðu fyrir íbúa til að nálgast gögn. Tillaga borgarstjóra er í góðu samræmi við áherslur samtímans á stafræna umbreytingu og varðveislu gagna og mætir að auki kröfum samtímans um hagkvæma nýtingu fjármagns umfram aðrar þær sviðsmyndir sem unnar hafa verið á framtíðarskipan Borgarskjalasafns. Tillagan kallar á gott samstarf og samninga milli Borgarsögusafns Reykjavíkur og Borgarbókasafns Reykjavíkur annars vegar og Þjóðskjalasafns hins vegar og að aðgengi sé gott að umræddum gögnum hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Meirihlutinn áréttar eins og fram kemur í tillögu borgarstjóra að mikilvægt sé að vanda vel allan undirbúning varðandi breytt fyrirkomulag Borgarskjalasafns í góðu samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands þar sem tryggð verði áframhaldandi söfnun, varðveisla og miðlun gagna sem tengjast menningararfi borgarinnar og samtímagögnum sem gildi geta haft fyrir komandi kynslóðir og fræðimenn.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menningar-, íþrótt- og tómstundaráði leggja á það áherslu að vandað sé betur til verka í ákvarðanatöku um framtíðartilhögun



starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Tekið er undir með umsagnartillögu meirihluta ráðsins að mikilvægt sé að huga að samráði við hagaðila og skýrri upplýsingagjöf um þá framtíðarsýn. Einnig má taka undir að það geti samræmst ágætlega hlutverki Borgarsögusafns og Borgarbókasafns, að sinna fræðslu- og miðlunarstarfi og skapa aðstöðu fyrir íbúa til að nálgast gögn. En öll meðferð málsins í heild og flumbrugangur meirihlutaflökkana í borgarstjórn gefur tilefni til að staldra við og vinna málið betur í samráði við alla hagaðila og þá sérstaklega hvernig möguleg viðtaka Þjóðskjalasafns væri, enda skortir verulega á þá sviðsmynd. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja rétt að beðið sé með umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þar til trúverðug lýsing komi fram á hvað felist í að færa verkefni Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns og hver raunverulegur kostnaður af því hljóttist.

Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Vinstri grænna í Menningar-, íþrótt- og tómstundaráði gagnrýnir að í umsögn ráðsins um málefni Borgarskjalasafns sé ekki fjallað efnislega um meginniðurstöður valkostagreiningar þeirrar sem fyrir liggur og framkomna tillögu borgarstjóra. Hlutverk ráðsins er að standa vörð um menningarstofnanir borgarinnar og því ber að stíga fast til jaðrar þegar til álita kemur að slá 70 ára gamla meginstofnun af nánast með pennastriki. Þó má fagna þeim áherslum sem birtast í umsögninni um mikilvægi þess að vanda undirbúning málsins og að vinna skuli það í góðu samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands og að hugað verði að samráði við hagaðila með skýrri upplýsingagjöf. Þetta verður vart skilið á annan hátt en sem skilaboð til borgarráðs, veikluleg þó, um að taka skref til baka og vinna málið betur. Hugmyndir um niðurlagningu Borgarskjalasafns hafa kallað fram gríðarlega hörð viðbrögð fagaðila og notenda. Má þar nefna ályktanir frá stjórn Sagnfræðingafélagsins, aðalfundi Sögufélags, Félagi héraðsskjalasafna og gagnrýni frá einstökum fræðimönnum úr háskólasamfélaginu, auk stjórnenda og starfsfólks safnsins sjálfs. Er það til marks um að ekki hafi nægilega vel tekist til um samráð og kynningu, en nú gefst færi á að bæta um betur.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson,

sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs.

Hjálagt:
Umsögn menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs

Umsögn menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs.

Reykjavík 23. 2. 2023

Framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns.

Reykjavíkurborg hefur látið vinna valkostagreiningu á stöðu og framtíð Borgarskjalasafns, þar sem fram koma tillögur að framtíðarfyrirkomulagi safnsins. Valkostagreiningin var kynnt sem trúnaðarmál á 87. fundi menningar-, íþróttá- og tómstundaráðs föstudaginn 10. febrúar sl. en ráðinu hefur nú verið falið að veita umsögn um málið.

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð telur eðlilegt að borgaryfirvöld skoði kosti og galla á breyttri starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur, þar sem safnið stendur á ákveðnum tímamótum rétt eins og öll skjalavarsla almennt hvað varðar rafræna vistun og aðgengi. Í því efni er brýnt að tryggja örugga gagnavörslu, að grisjun sem leiðir af umbreytingu prentaðra gagna í rafræn gögn verði unnin af fagmennsku og ennfremur að hagkvæmnisjónarmiða sé gætt við umbreytinguna. Að sama skapi er afar mikilvægt að hugað sé að auknu aðgengi að gögnum, með rafrænum hætti. Í þessu felst mikil áskorun, en um leið tækifæri og framtíðarsýn. Ráðið telur mikilvægt að huga að samráði við hagaðila og skýrri upplýsingagjöf um þá framtíðarsýn.

Í greinargerð KPMG „Framtíðarfyrirkomulag Borgarskjalasafns, valkostagreining“ frá janúar 2023 er vikið stuttlega að mögulegu hlutverki Borgarsögusafns Reykjavíkur og Borgarbókasafns Reykjavíkur, varðandi fræðslu, miðlun og aðgengi að gögnum og talað um útvistun verkefna í því sambandi.

Um Borgarsögusafn segir:

Borgarsögusafn stuðlar að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningarminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og miðla sögu hennar og menningu frá landnámi til samtímans.

Það er því ákveðin skörun á starfsemi Borgarskjalasafns og Borgarsögusafns. Þar er tækifæri til að skilgreina betur hlutverk hvors safns og hugsanlega ná fram betri upplifun notenda og betri nýtingu fjármuna með því að fela Borgarsögusafni að sinna fræðslu byggða á safnkosti Borgarskjalasafns.

Um Borgarbókasafn segir:

Er ekkert því til fyrirstöðu að Borgarbókasafn taki að sér hlutverk Borgarskjalasafns þegar kemur að því að skapa aðstöðu fyrir íbúa til að nálgast skjöl staðbundið. Sama á við ef Borgarskjalasafn yrði lagt niður og verkefni þess færð til Þjóðskjalasafns. Gæti slíkt falið í sér bættu þjónustu til íbúa þar sem Borgarbókasafn er með fleiri afgangslustaði en Borgarskjalasafn og Þjóðskjalasafn.

Niðurstaða

Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð telur mikilvægt að horft sé til framtíðar varðandi varðveislu gagna og aðgengis að þeim fyrir almenning.

Það samræmist ágætlega hlutverki Borgarsögusafns og Borgarbókasafns, að sinna fræðslu- og miðlunarstarfi og skapa aðstöðu fyrir íbúa til að nálgast gögn. Brýnt er að þær hugmyndir verði mótaðar á skýran máta og viðeigandi ráðstafanir gerðar, s.s. varðandi fjármögnun, svo þær geti raungerst. Einnig þarf að tryggja gott samstarf milli Þjóðskjalasafns annars vegar og Borgarsögusafns Reykjavíkur og Borgarbókasafns Reykjavíkur hins vegar og að aðgengi sé gott að umræddum gögnum hjá Þjóðskjalasafni Íslands, með sérstökum samningum við söfn borgarinnar.

Ráðið áréttar eins og fram kemur í tillögu borgarstjóra að mikilvægt sé að vanda vel allan undirbúning varðandi breytt fyrirkomulag Borgarskjalasafns í góðu samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands þar sem tryggt verði áframhaldandi söfnun, varðveisla og miðlun gagna sem tengjast menningararfi borgarinnar og samtímagögnum sem gildi geta haft fyrir komandi kynslóðir og fræðimenn.

Tillaga borgarstjóra er í góðu samræmi við áherslur samtímans á stafræna umbreytingu og varðveislu gagna og mætir að auki kröfum samtímans um hagkvæma nýtingu fjármagns umfram aðrar þær sviðsmyndir sem unnar hafa verið á framtíðarskipan Borgarskjalasafns.

Breytingartillaga fulltrúa Vinstri grænna:

Reykjavíkurborg hefur látið vinna valkostagreiningu á stöðu og framtíð Borgarskjalasafnsins sem áður hefur verið kynnt á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Nú er óskað eftir umsögn ráðsins um tillögu þá sem borgarstjóri hefur lagt fram í borgarráði á grunni valkostagreiningarinnar.

Greining sú sem unnin var af KPMG er um margt ágætis upphafspunktur til að ræða um málefni skjalasafnsins. Hún dregur upp góða mynd af þeim miklu áskorunum sem felast í stafrænni vegferð borgarinnar og því gríðarlega skjalamagni sem safnast hefur upp með tilheyrandi kostnaði og mun bara aukast ef ekkert verður að gert. Andspænis þessum verkefnum er ljóst að hlutverk þeirra sem stýra skjalamálum borgarinnar er stórt og mikilvægt fyrir borgina að halda þar fullu frumkvæði.

Í úttektinni er einnig fjallað um ýmis vandamál tengd reksti Borgarskjalasafns, s.s. vanfjármögnun þess, vöntun á húsnæði, óheppilega staðsetningu safnsins í skipuriti Reykjavíkur, misræmi milli stefnumótunar safnsins og borgarinnar sem og ýjað að samskiptavanda. Allt eru þetta mikilvæg úrlausnarefni sem brýnt er að takast á við frekar en að hlaupast frá vandanum.

Ekki er hægt að taka undir það megin sjónarmið sem birtist í valkostagreiningunni að niðurlagning Borgarskjalasafns væri vandkvæðalítil aðgerð í ljósi þess að rekstur héraðsskjalasafns sé ekki lögbundin skylda á sveitarfélögum. Tvennt er sérstaklega við þetta að athuga. Í fyrsta lagi eru býsna mörg þeirra verkefna sem Reykjavíkurborg sinnir í raun valkvæð og gildir það um velflesta þá málaflokka sem falla undir starfsvið menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Ráðið hlýtur því að fylgjast grannt með því hvernig standa á niðurlagningu rótgróinnar menningarstofnunar, s.s. með tilliti til vinnubragða og fordæmisgildis. Hörð gagnrýni hefur komið fram á samráðsleysi í ferlinu og ber að taka tillit til hennar.

Í öðru lagi er ekki sjálfgefið, þótt rekstur tiltekinnar starfsemi sé ekki lögbundin, að niðurlagning hennar sé hæðgarleikur. Í því sambandi má vísa til reksturs minjasafna sem sveitarfélögum er ekki skylt að stofnsetja en geri þau það lúta þær stofnanir safnalögum. Í tilviki Borgarskjalasafns hefur safnið um langt árabil tekið við skjalasöfnum einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja til varðveislu. Raunar hefur safnið sjálft haft frumkvæði að því að óska eftir slíkum sendingum, m.a. frá frjálsum félögum í borginni. Þessu fylgir ábyrgð en í skýrslunni er engin tilraun gerð til að leggja mat á þá beinu sem og siðferðislegu ábyrgð sem tengist þessum hluta starfseminnar. Brýnt er að fá mat á þessum þáttum sem og þeirri orðsporsáhættu sem fylgt gæti því fyrir borgina að vísa þessum skyldum frá sér.

Í valkostaúttektinni er stillt upp þremur útfærslum á skjalamálum borgarinnar. Í tveimur þeim fyrstu er ágætlega rakið hve tröllaukið verkefnið sé sem fylgir hinni metnaðarfullu stafrænu vegferð og hvaða kostnaður því kunni að fylgja. Þriðja útfærslan kys hins vegar að galdra þann kostnað í burtu um leið og verkefninu sé kastað í kjöltu ríkisins og miða þá við ríkjandi gjaldskrá fyrir þau sveitarfélög sem nýta sér þjónustu Þjóðminjasafns. Hætt er við að hér sé verið að bera saman epli og appelsínur. Brýnt hefði verið að kanna það þjónustustig sem Þjóðskjalasafn veitir þessum sveitarfélögum í dag.

Hversu raunhæfar eru núverandi gjaldskrár miðað við þá metnaðarfullu en ófjármögnuðu
framtíðarstefnu sem Þjóðskjalasafnið hefur markað sér? Illu heilli er enga slíka úttekt á stöðu þeirra



Borgarráð
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2023

Tilv. ÞON23010028

Umsögn um framtíðarhögun Borgarskjalasafns Reykjavíkur

Þann 21. febrúar sendi skrifstofa borgarstjórnar borgarskjalaverði til umsagnar tillögu borgarstjóra um að leggja niður Borgarskjalasafn í núverandi mynd, í framhaldi af skýrslu KPMG um framtíðarhögun starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur, dags. 14. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum sem tekið var fyrir á fundi borgarráðs nr. 5696, þann 16. febrúar 2023. Fram kom að tillagan væri trúnaðarmerkt.

Borgarskjalavörður þakkar fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu um að leggja niður Borgarskjalasafn þann 21. febrúar. Tillagan hafði ekki verið kynnt fyrir henni eða starfsmönnum safnsins áður en hún var lögð fram og fékk borgarskjalavörður í fyrsta sinn að sjá tillöguna fimm dögum eftir að hún var lögð fram. Borgarstjóri hefur ekki fundað með starfsmönnum Borgarskjalasafn að kynna tillögu sína eða skýra út orsakar þess að hún er lögð fram. Sviðsstjóri ÞON og starfsmannastjóri óskuðu eftir stuttum fundi með starfsmönnum 16. febrúar að kynna að til stæði að leggja niður safnið, án þess að tillagan sjálf væri kynnt fyrir starfsmönnum, tímalína eða hvaða áhrif hún myndi hafa á starfsemina. Starfsmenn eru því algjörlega í lausu lofti um framhald starfsemi safnsins ef tillaga borgarstjóra um niðurlagningu verður samþykkt.

Borgarskjalavörður hvetur borgarstjóra til að endurskoða tillögu sína um niðurlagningu Borgarskjalasafns og fram fari dýpri greining á stöðu og stefnu Borgarskjalasafns með hagsmuni borgarinnar, borgarbúa og allra þeirra sem skjöl borgarinnar snertir. Borgarskjalasafn er ein af grunnstoðum borgarinnar og

mikilvægt að ekki sé óvissa um framtíð þess. Tryggja þarf stöðugt og skilvirkt aðgengi að gögnum borgarinnar um ókomna framtíð og það næst eingöngu fram með áframhaldandi tilvist þess.

Svo virðist sem verkið hafi verið byrjað á öfugum enda. Borgarstjóri leggur fram tillögu um að leggja safnið niður áður en borgin hefur sjálf unnið kostnaðarútreikninga og kannað hvort Þjóðskjalasafn hafi yfirhöfuð bolmagn til að taka við stærsta skjalasafni landsins á eftir því sjálfu og öllum verkefnum Borgarskjalasafns og hver væri kostnaður við það. Ljóst er að kostnaðurinn er ekki eingöngu fast geymslugjald, eins og gefið er í skyn í skýrslu KPMG.

Tillagan byggir á þremur sviðsmyndum sem KPMG vann fyrir sviðsstjóra ÞON í árslok 2022. Settur var á fót starfshópur í kjölfar samþykktar borgarráðs 1. september 2022. Varð fljótlega ljóst að hann gegndi litlu hlutverki og fengu meðlimir hópsins aldrei senda endanlega skýrslu. KPMG var ekki tilbúið í að funda með Borgarskjalasafni til að fara yfir tölur og leiðir. Lítið tillit var tekið til athugasemda Borgarskjalasafns. Í greiningarvinnu KPMG var ekkert skoðað hverjir væru styrkleikar safnsins og hvað væri vel gert eða hvaða verkefni þyrfti að auka fjármagn til og bæta. Orðalag skýrslunnar er gildishlaðið og einblínt á vandamálin. Tillögur að lausnum snúa að því að minnka umfang þess og fela öðrum verkefnum, í stað þess að skoða leiðir til að efla safnið og hvað þarf til þess. Þannig sést að ekkert er rætt um t.d. störf lögfræðings safnsins, aðgangsmál, söfnun einkaskjalasafna eða miðlun safnsins á safnkosti. Eðlilegra væri að horfa á tækifæri safnsins í breyttu umhverfi og hvernig hægt sé að styðja safnið í vegferð sinni. Ljóst er að safnið hefur verið undirmanna og undirfjármagnað í mörg ár, þrátt fyrir aukin verkefni.

Sérstaklega þarf að fara yfir kostnaðartölur í viðauka. Kostnaður við leiðirnar þrjár er villandi og ekki samanburðarhæfar. Þar er blandað saman rekstrartölum og fjárfestingartölum. Ýmislegt er misskilið í eldri húsnæðisgreiningum fyrir safnið, til dæmis er rætt um mannaflapörf næstu 30 ár en í kostnaðartölum látið er sem fjölgun starfsmanna komi öll til framkvæmda á einu bretti. Ekki eru skoðaðir fyrirvarar varðandi fermetra í geymsluhúsnæði ef stafræn langtímavarsla kemst á fyrr en áætlað var og

stefnir í að geri með sama áframhaldi. Ljóst er kostnaðaráhrif þriðju sviðsmyndar gagnvart ríkinu eru vanmetin. Nánar verður farið í það hér á eftir.

Starfsemi Borgarskjalasafns skiptir máli, það er ein af þjónustustofnunum borgarinnar í þágu borgarbúa, stofnana, fræðimanna og fleiri. Sérhæfing þess er að safna skjölum og heimildum til að skjalfesta ákvarðanir borgarinnar og líf borgarbúa, allt frá vöggju til grafar, bæði með því að tryggja að skjöl borgarstofnana og fyrirtækja varðveitist og safna skjölum einstaklinga, félagasamtaka og fyrirtækja í Reykjavík. Safnið er komið á fleygiferð í stafrænni varðveislu, skjalaskrá og ljósmynduðum skjölum er miðlað á vef og eru nú á þriðja hundruð síðna á honum, safnið veitir ráðgjöf um skjalastjórn, samþykkir málalykla og skjalavistunaráætlanir og hefur eftirlit með skjalavörslu borgarstofnana.

Virk og vönduð skjalavarsla er hluti af grunnverkefnum opinberra aðila, allt frá því erindi er stofnað eða skjal berst og þar til skjöl eru komin í langtímvistun á skjalasafn eða eytt skv. heimild þar um. Höfuðborgir landa í Evrópu eru öll með eigið skjalasafn sem eru með metnaðarfullt starf. Dæmi um slík söfn eru söfnin í Amsterdam, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn. Borgarskjalasöfn eru einfaldlega hluti af verkefnum borga í Evrópu.

Borgarskjalasafn er annað stærsta skjalasafn landsins næst á eftir Þjóðskjalasafni. Safnið starfar eftir lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 þar sem hlutverk þess og verkefni þess eru skilgreind.

Safnið hefur eftirlit með skjalavörslu borgarstofnana, starfseininga og fyrirtækja borgarinnar og byggðasamlaga. Safninu ber að leiðbeina þessum aðilum um skjalastjórn og skjalavörslu, varðveita eldri skjöl borgarinnar á tryggan hátt, hafa þau skráð samkvæmt gildandi reglum og aðgengileg til notkunar. Í samræmi við eftirlitshlutverk sitt gerir Borgarskjalasafn frumkvæðisathuganir á skjalavörslu ef þurfa þykir.

Skjalavarsla hjá Reykjavíkurborg er samkvæmt lögum og reglum þar um og hefur farið batnandi á síðustu árum. Stjórnendur eru meðvitaðri um skyldur sínar í þeim efnum og jákvætt er stofnun sérstakrar skjalastýringar hjá borginni og hversu vel innleiðing

Hlöðunnar - skjalavistunarkerfis borgarinnar hefur gengið. Borgarskjalasafn og skjalastýring borgarinnar eru í virku og góðu samstarfi um að bæta skjalavörslu borgarinnar. Borgarskjalasafn tekur við eldri skjölum borgarinnar sem ákveðið hefur verið að varðveita til framtíðar. Safnið er á fullri ferð í stafrænni umbreytingu, sem leiðir til þess að í framtíðinni mun koma minna inn af pappírsskjölum en meira af rafrænum afhendingum til langtíma vörslu en áður hafði verið gert ráð fyrir. Tölur KPMG um geymslur eru því orðnar úreltar. Safnið er leiðandi í því að hafa samband við svið, skrifstofur og fyrirtæki borgarinnar til að kortleggja gagnakerfi og kalla eftir tilkynningum um kerfi. Þegar þær eru komnar, er tekin ákvörðun hvort þörf er að varðveita gögn úr kerfunum, hvort þau séu tæk til þess og ákveðin afhendingardagsetning fyrir fyrstu vörsluútgáfu. Borgarskjalasafn er órjúfanlegur hluti af keðju skjalavörslu hjá borginni sem mikilvægt er að gangi snurðulaust fyrir sig. Þegar skjöl eru komin til safnsins ber safnið ábyrgð á þeim og afgreiðir úr þeim, þar á meðal úr skjölum barnaverndaryfirvalda og önnur trúnaðarskjöl. Það skiptir miklu máli að starfsmenn Borgarskjalasafns hafa yfirsýn yfir

Miklar þróun á sér nú stað hjá opinberum skjalasöfnum, þar sem verkefni þeirra eru að breytast. Móttaka skjala er að færast frá pappír yfir í rafræn skil. Þróunin hefur verið hraðari með stafrænni umbreytingu sveitarfélaga. Héraðsskjalasöfnin hafa verið að breytast á síðustu árum og starfsmenn þeirra eru betur menntaðir sérfræðingar og tilbúnir til að takast á við breytt verkefni. Héraðsskjalasöfnin eru farin af stað í kortlagningu kerfa og að undirbúa móttöku afhendinga rafrænna gagnasafna og fylgja þar fordæmi Borgarskjalasafns sem fór af stað með verkefnið fyrir nokkrum árum.

Það að Borgarskjalasafn þurfi nýtt húsnæði er fyrst og fremst tengt því að það þurfi að rýma húsnæði sitt í Grófarhúsi til að víkja fyrir Borgarbókasafninu. Borgarskjalasafn er ánægt með höfuðstöðvar sínar og þarf ekki nýtt húsnæði að óbreyttu. Rekstur Borgarskjalasafns er hagkvæmur og kostar það einungis um 175 milljónir á ári, þar af fara 60 milljónir í húsaleigu til borgarinnar og 7 milljónir í að greiða fyrir tölvuþjónustu innan borginni.

Hins vegar virðist sem í áætlunum um endurgerð Grófarhúss sé ekki gert ráð fyrir kostnaði við að flytja Borgarskjalasafn í nýtt húsnæði né hvergi að finna áætlun um kostnað við að byggja eða endurgera húsnæði fyrir Borgarskjalasafn. Í þriggja ára áætlun lagði ÞON ekki fram greiningu á kostnaði við flutning Borgarskjalasafns til að rýma fyrir Borgarbókasafni. Í stað þess að leggja niður safnið væri eðlilegra að áætla kostnað við útvegum nýs húsnæðis fyrir það og hver væri kostnaður fyrir hvert ár. Þegar aðrar stofnanir borgarinnar þurfa að flytja, til dæmis þjónustumiðstöðvar eða barnavernd, er kostnaður við það einfaldlega settur inn í áætlanir. Engar skýringar hafa komið fram af hverju það var ekki gert í þessu tilviki.

Jafnframt má benda á að borgarstjóri og þáverandi mennta- og menningarráðherra hafa verið í viðræðum um möguleika þess að Borgarskjalasafn og Þjóðskjalasafn myndu flytja í sameiginlegar höfuðstöðvar og vera með sameiginlegt varðveisluhús, þótt bæði söfnin yrðu sjálfstæð áfram. Í kjölfarið fór greiningarvinna af stað, sem bæði Þjóðskjalasafn og Borgarskjalasafn tóku fullan þátt í. Í ljós kom að margvísleg samlegðaráhrif væri af því að hafa húsnæði höfuðstöðva beggja safnanna á sama stað þótt bæði söfnin héldu sjálfstæði sínu og að byggt yrði sameiginlegt varðveisluhús, með aðskildum einingum. Frumathuganir voru komnar það langt að þær biðu eingöngu undirritunar og samþykkis borgarráðs. Síðan þær voru gerðar, hefur það breyst að nú er Borgarskjalasafn komið á fulla ferð í stafrænni varðveislu fyrir borgarstofnanir, ekki er lengur þörf á að prenta út nema hluta skjala og ekki er sama þörf fyrir geymslur í framtíðinni.

Áherslur Borgarskjalasafns síðustu ár hafa miðast við að undirbúa valkost tvö, það er að safnið verði sjálfstætt áfram, fari í sameiginlegar höfuðstöðvar og varðveisluhús með Þjóðskjalasafni og nýti þau samlegðaráhrif sem skapast, til hagræðis og öflugri þjónustu.

Af því sögðu má benda á að kostnaður við sviðsmyndirnar þrjár í skýrslu KPMG er misvísandi og ekki samanburðarhæfur. Borgarskjalavörður vill því jafnframt benda á eftirfarandi athugasemdir:

Starfsmannamál

Ýmislegt er misskilið í húsnæðisskýrslum, til dæmis er í þeim rætt um mannaflapörf næstu 30 árin en í kostnaðartölum látið er sem fjölgun starfsmanna komi öll til framkvæmda á einu bretti.

Heildar launakostnaður hækkar skv. skýrslu KPMG um 51,3% milli árana 2022-2024, lækkar um 8% milli árana 2024-2025 en eykst svo aftur um 10,5% milli árana 2025-2026. Það er ekki verið að ráða 5-6 starfsmenn á þessu ári og hefur aldrei staðið til þ.e. 2023.

Húsnæðismál

Innri leiga hækkar á milli árana 2027-2028 um 423% skv. skýrslu KPMG. Ekki er ljóst skv. þessu hvernig hægt er að leigja húsnæði sem enn er í byggingu skv. áætluðum byggingarkostnaði árin 2028-2029.

Húsnæðiskostnaður er tvítalinn, bæði hækkandi innri leiga og síðan kostnaður við byggingu sem reiknast ekki sem rekstrarkostnaður, heldur er reikningur inn í innri leigu til lengri tíma. Ekki er hefðbundið að setja kostnað við byggingu húsnæðis eða endurbætur, sem kostnað við rekstur.

Þá má benda á það að settar eru fram sömu forsendur skv. sviðsmynd 1 bls. 63 bls. og sviðsmynd 2 bls. 64 en samt eru mismunandi tölur í þeim:

- Bls: 62. Innri leiga: 2028 (kr. 313.731) - 2029 (kr. 321.574)
- Bls: 64. Innri leiga: 2028 (kr. 307.456) - 2029 (kr. 315.142)

Í skýrslu KPMG er talað um í viðauka að innri leiga miðist við að núverandi fermetrafjöldi Borgarskjallasafns en gert er ráð fyrir því að flutningar yfir í nýtt húsnæði fari fram 2028 og 2029. Við það að flytja yfir í nýtt húsnæði eykst fermetrafjöldi í 5.167 m². Núverandi húsnæði auk fjargeymslu er um 2000 fm. Og því er áætluð aukning um 3200 fm á einu bretti. Það er reiknað út frá eldri gögnum sem eru ekki lengur í gildi eins og fram hefur komið. Núverandi áætlanir safnsins gera ráð fyrir 1200 fm. viðbótarþörf til framtíðar þar sem bæði er um hraðari þróun og skil á rafrænum gögnum og möguleika á

magnskönnun pappírsskjala sem leiðir til minni pappírsskila langt umfram fyrri áætlanir. Er það í fullu samræmi við áætlanir og stefnu Þjóðskjalasafns.

Rekstrarkostnaður 2022 var 175 milljónir. Þar af voru 69 milljónir í húsnæðisleigu sem er í Reykjavíkurborgar. Þannig haldast þeir fjármunir innan reksturs borgarinnar en eru ekki kostnaður út við eins og geymslugjald Þjóðskjalasafnsins kemur til með að vera. Árlegur kostnaður við geymslu núverandi safnkosts Borgarskjalasafns pr. hillumetra á ári innan Þjóðskjalasafnsins (miðað við gjaldskrá <https://skjalasafn.is/gjaldskra> í dag) er hins vegar 63 milljónir og kemur til með að stigmagnast árlega m.t.t. hækkunar gjaldskrár ÞÍ og þeirra pappírs sem enn er eftir að afhenda til safnsins frá stjórnýslu og stofnana borgarinnar. Þannig mun geymsla pappírsskjala hjá ÞÍ verða kostnaðarsamari fyrir borgina en núverandi staða.

Ekki eru skoðaðir fyrirvarar varðandi fermetra í geymsluhúsnæði ef stafræn langtímavarsla kemst á fyrir en áætlað var og mun sannarlega gerast á næstu misserum. Safnið fær aldrei fjárveitingar til byggingar húsnæðis heldur reiknast slíkt í innri leigu til lengri tíma. Í valkostum 1 og 2 eru settar inn tölur um húsbyggingar sem eiga ekki heima þar og til viðbótar innri leigu bætt við tölurnar til að hækka þær.

Safnið á von á færri hillumetrum en hafði verið áætlað árið 2018 og því er minni þörf á geymsluplássi. Borgarskjalasafn varðveitir í dag um 10.500 hm af skjölum. Talan 31,3 km á ekki lengur við eins og þá var áætlað. Þróunin við stafræna varðveislu hefur verið miklu hraðari en gert var ráð fyrir, taka má á móti rafrænum gagnasöfnum afturvirkta samkvæmt reglum um tilkynningu, (skv. samþykkt og skil á rafrænum gagnasöfnum nr. 877/2020) og því væri eðlilegra að miða við 20 km eftir 20 ár. Gera má fastlega ráð fyrir því að eftir 30 ár verði löngu hætt að taka við pappírsskjölum. Einnig má nefna að minna er af skjölum hjá afhendingarskyldum aðilum borgar en hjá ríkinu þar sem Borgarskjalasafn miðar við afhendingu eftir 20 ár en Þjóðskjalasafn við afhendingu eftir 30.

Árið 2018 var 96 hillumetrum skilað til Borgarskjalasafns. Áætlað er að á þessu ári, 2023 verði skilað inn 150 hillumetrum. Árleg aukning milli ára er því um 8% á ári. 150

hm viðbót við núverandi safnkost eykur geymslukostnað hjá Þjóðskjalasafni um 900.000 kr. árlega miðað við gjaldskrá ÞÍ bara vegna geymslugjalda.

Ekki er eðlilegt að blanda saman í skýrslu KPMG einni tölu fjárfestingu við nýtt húsnæði og flutning og síðan rekstrarkostnað. Eðlilegra væri að aðskilja þennan kostnað með skýrum hætti. Annars vegar kostnaður við uppbyggingu húsnæðis, kostnaður við flutning og síðan rekstrarkostnaður á ári.

Í skýrslu KPMG segir, “Það gæti þó verið skynsamlegt að áður en verkefni Borgarskjalasafns eru færð til Þjóðskjalasafns að klárað verði að skanna inn í samstarfi við Þjóðskjalasafn allan safnkost safnsins svo hann sé strax frá upphafi rafrænt aðgengilegur borginni. Þannig ætti aðgengi að safnkostinum ekki að grundvallast á forgangsröðun Þjóðskjalasafns við innskönnun.”. Þarna vantar enn og aftur tíma- og kostnaðargreiningu sem ætti þá að vera inn í áætluninni en engar tölur liggja fyrir og allur kostnaður í algjörrí óvissu.

Kostnaður vegna flutnings til Þjóðskjalasafns

Í skýrslu KPMG í 3 sviðsmynd kemur fram að einskiptiskostnaður vegna flutninga safnkosts Borgarskjalasafns til Þjóðskjalasafns sé 129.600.000 kr. Það er að skoðun borgarskjalavarðar að þar sé um algjört vanmat að ræða.

Skv. bréfi Þjóðskjalasafns til bæjarstjóra Akraness dags. 19. febrúar 2021 um mat á umfangi og kostnaði við mögulega niðurlagningu Héraðsskjalasafns Akraness þá var áætlaður kostnaður vegna flutninganna (811 hillumetrar + vinna starfsfólks ÞÍ) 42.600.000 kr. auk kostnaðar við flutninga skjalanna með flutningabílum og fyrirvara um ástand safnkosts og geymsluskráa. Ef það er yfirfært yfir á núverandi safnkost Borgarskjalasafns sem telur í dag 10,5 hillukílómetra (10.500 hillumetrar) þá er áætlaður kostnaður (uppfærður með verðlagsvísitölu Hagstofunnar til janúar 2023), 636.498.953 kr. Þarna er um **506.898.953** kr. mismunur á kostnaðartölur.

Geymslukostnaður hjá Þjóðskjalasafns Íslands

Pappírsvarðveisla

Í skýrslu KPMG er áætlun sem gerir ráð fyrir línulegri aukningu í hillumetrum Borgarskjalasafns en að magn gígabæta haldist óbreytt.

Heildarkostnaður sem Borgarskjalasafn þyrfti að greiða Þjóðskjalasafni næstu 3 ár eftir flutninga er rúmlega 147 m.kr á ári eða samtals 486 m.kr. Hins vegar vantar í skýrsluna upplýsingar um að Reykjavíkurborg þyrfti að borga fyrir geymslu á hverju ári og að gjaldskrá geti breyst fyrirvaralaust. Þannig má benda á að rekstrarkostnaður Borgarskjalasafns árið 2021 var 168 milljónir. Þar af voru 55 milljónir í húsnæðisleigu sem er alfarið í eigu Reykjavíkurborgar. Þannig haldast þeir fjármunir innan reksturs borgarinnar en eru ekki kostnaður út á við eins og geymslugjald Þjóðskjalasafnsins kemur til með að vera.

Árlegur kostnaður við geymslu núverandi safnkosts Borgarskjalasafns pr. hillumetra á ári innan Þjóðskjalasafnsins (miðað við gjaldskrá <https://skjalasafn.is/gjaldskra>) er hins vegar 63 milljónir og kemur til með að stigmagnast árlega m.t.t. hækkunar gjaldskrár ÞÍ og aukinna pappírsskila borgarinnar. Þannig verður geymsla pappírsskjala hjá ÞÍ mun dýrari en núverandi staða.

Rafræn gagnavarðveisla

Ekki var óskað eftir tölum frá Borgarskjalasafni um afhendingaráætlanir úr gagnakerfum á árunum 2023 til 2029 til að nota í greiningu KPMG. Skv. kortlagningu rafrænna gagnasafna sem safnið hóf árið 2020 og er í stöðugri vinnslu er augljóst að um mikið magn gagna á rafrænu formi verði skilað á næstu árum. Nú þegar hafa 26 tilkynningar um rafræn gagnasöfn verið afgreiddar og mikilvægt er að greina sem fyrst það magn sem er í þeim kerfum sem teljast skilaskyld skv. þeim upplýsingum sem fyrir liggja til að setja fram áætlun um rafræn skil næstu árin.

Í skýrslu KPMG er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu á mótteknum vörsluskram á árunum 2023 - 2029 sem er ekki í samræmi við þær áætlanir sem safnið hefur þegar gert við afgreiðslu tilkynninga um rafræn gagnasöfn og ákvarðanir þeim lútandi. Aðeins er gert ráð fyrir geymslu á einni vörsluskra sem er nú í afhendingarferli. Alls ekki verður um óbreytt magn gígabæta að ræða frá árinu 2027-2029 eins og kemur fram í

skýrslunni. Aðeins er talað um varðveislu á einni vörslukrá í henni. Um er að ræða 5 ára málasafn fyrirtækis borgarinnar sem er 870 gb að stærð og mun því árlegur kostnaður við geymslu á því gagnasafni einu vera skv. Gjaldskrá ÞÍ 1.044.000 kr. Gera má ráð fyrir því í upphafi á móttöku gagnasafna muni koma inn stór söfn þegar verið er að færa eldri gagnasöfn yfir í rafræna varðveislu og því mun á næstu árum fjöldi gb í innkomnum vörsluskram fjölga gífurlega og kostnaður samhliða því ef varðveita á þau á ÞÍ skv. Gjaldskrá.

Skv. skýrslu KPMG mun uppsetning á tækjakosti vegna langtímarvarðveislu rafrænna gagna skv. kostnaðargreiningu sem unnin var fyrir Þjóðskjalasafn kosta um 500 milljónir króna. Sú kostnaðargreining gerir ráð fyrir þremur stöðugildum tengt upplýsingatækni og fimm stöðugildum í þjónustuver á næstu fimm árum. Kostnaður vegna fjárfestinga og reksturs nær yfir innleiðingu á tæknibúnaði og þróun á honum, prófanir, kennslu, breytingastjórnun, ferlahönnun o.s.frv. Hins vegar kemur ekki fram að þessi þjónusta er þegar innt af hendi í gegnum samning við NEA og sá kostnaður er 3.077.000 kr. árið 2023. Því á þessi kostnaður ekki við um Borgarskjalasafn.

Í kostnaðaráætlun Borgarskjalasafns framtíðarinnar í skýrslu KPMG kemur fram að kostnaður vegna vinnslu og varðveislu vörsluskraa er sagðar kosta 2 milljónir árið 2024 og 1,5 milljón árið 2025 en ekkert eftir það. Ekki kemur fram hvaða kostnað er hér um að ræða en benda má á að kostnaður vegna NEA og nýtt upplýsingakerfi (Scope) sem sérstaklega eru skilgreindir eru hluti af UT kostnaði í rekstri safnsins og því ekki viðbót eins og lesa má á þessum tölum.

Staða langtímarvarðveislu rafrænna gagnasafna

Langtíma varðveisla gagnasafna er mikilvægt skref sem mun umbylta starfsemi opinberrar skjalavörslu til frambúðar. Tilkynningar um rafræn gagnasöfn borgarinnar eru nú móttæknar í gegnum island.is <https://island.is/rafraent-gagnasafn-borgarskjalasafn> og eru þegar komnar í ferlaða úrvinnslu. 12 tilkynningar eru í bið, 16 tilkynningar eru í vinnslu og búið er að afgreiða tilkynningar fyrir 15 gagnasöfn. Fleiri tilkynningar berast reglulega og samþykkt þeirra gerir stofnunum borgarinnar kleift að hefja rafræna skjalavörslu þar sem ekki þarf að skila gögnum á pappír eins og áður. Þetta verkefni

mun stigmagnast þegar fram líða stundir og breyta Borgarskjalasafni úr hefðbundnu skjalasafni í tæknivætt gagnasafn með áherslu á langtímarvarðveislu rafrænna gagna borgarinnar. Borgarskjalasafn Reykjavíkur er hluti af framsýnum stafrænum umbreytingum borgarinnar og mun langtímarvarðveisla rafrænna gagnasafna marka stór skref í sögu safnsins.

Núverandi staða tilkynninga um rafræn gagnasöfn

- Móttæknar tilkynningar **43**
- Afgreiddar tilkynningar **26**
 - Varðveisluskyld gagnasöfn **17**
 - Ekki varðveisluskyld **9**(Skv. lögum þarf að grisjunarbeiðni til afgreiðslu ÞÍ)
- Í vinnslu **17**

Engar tilkynningar eru í bið og nýjar tilkynningar eru að berast og kallað verður eftir fleirum í seinni yfirferð kortlagningar kerfa borgarinnar.

Framtíðarskipulag

Stafræn vegferð safnsins hefur verið í brennidepli frá árinu 2018. Markmiðið er að færa safnið inn á nýjar slóðir tæknilausna þar sem einblínt er á hagræðingu með nútímalegri lausnum og högun í tækni. Þannig sé hægt að bæta þjónustuviðmót og upplýsingagjöf með notendamiðaðri nálgun út frá þörfum þeirra sem til safnsins leita.

Undirbúningur rafrænnar langtímarvörslu hefur gengið miklu hraðar en Borgarskjalasafn átti von á árið 2014 eða 2018. Safnið hefur fundað með öllum sviðum, skrifstofum og fyrirtækjum borgarinnar og fengið þau til að kortleggja gagnasöfn sín. Þá hefur safnið verið í samstarfi við UTR - tölvudeild borgarinnar um kortlagningu rafrænna gagnasafna og er nú að hefja seinni fundaröð sína með aðilum borgarinnar við að ná heildarmynd af kerfum. Safnið hefur afgreitt stóran hluta fyrirbyggjandi tilkynninga um rafræn gagnakerfi og er einungis þörf á að hluti þeirra kerfa komi í vörsluútgáfum til safnsins.

Kostnaðaráhrif þriðju sviðsmyndar gagnvart ríkinu eru vanmetin. Grunnforsenda í útreikningi KPMG við þriðju sviðsmynd gengur þ.a.l. ekki upp þar sem hún nær aðeins til þriggja ára. Leið 3 miðast þannig við að eingöngu sé greitt geymslugjald fyrir núverandi skjöl og það sem er þegar móttakið af rafrænum skjölum. Ekki verði greitt fyrir aðrar þjónustur eða verkefni. Borgin mun alltaf þurfa að greiða fyrir varðveislu gagna sinna um ókomna tíð.

Gjaldskrá ÞÍ getur tekið breytingum og er sennilegt að hún geri það. Í lögum um opinber skjalasöfn greiða sveitarfélög skv. gjaldskrá sem ráðherra setur. Gjaldskrárliðir t.d. er varða vörslu skjala geta tekið breytingum síðar meir. Þriðja sviðsmyndin miðar við núverandi gjaldskrá ÞÍ og að eingöngu verði greitt geymslugjald. Engin aukning verði á skjalamagni og engin stafræn gögn til viðbótar berist á næstu árum eða áratugum. Grunnforsenda í útreikningi KPMG við þriðju sviðsmynd gengur ekki upp þar sem hún gerir ekki ráð fyrir mögulegum gjaldskrárhækkunum eða aukningu á skjala og gagnamagni.

Til viðbótar er lagt til í þriðju sviðsmyndinni að skanna allan safnkost BsR til þess að borgin hafi framtíðaraðgang að safnkostinum án þess að greina kostnað við slíka skönnun frekar.

Borginni, sem afhendingarskyldum aðila, verður áfram skylt að haga skjalastjórn sinni og skjalavörslu í samræmi við lög og reglur ÞÍ. Sá kostnaður sem fylgir því mun áfram vera til staðar s.s. ráðgjöf, eftirlit, frágangur og varðveisla þó aðrir aðilar taki yfir verkefni Borgarskjalasafns.

Þá er lagt til í skýrslu KPMG að Borgarsögusafn taki við menningarhlutverki Borgarskjalasafns. Hér er um lagalega breytingu um að ræða sem ekki er rædd frekar. Frumrit skjala eru ekki lánuð til sýninga og því þyrfti Borgarsögusafn ávallt að afrita, eða birta þau rafrænt í nánú samstarfi við skjalasafnið og þá sérstaklega hvað varðar aðgengi s.s. hvað varðar upplýsingarétt og aðgangsréttinda.

Í skýrslu KPMG segir: “Einnig er hægt að auka samstarf bókasafna og Þjóðskjalasafns en samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn geta bókasöfn verið milliliður við opinber

skjalasöfn um aðgang að pappírsskjölum”. Starfsmenn Borgarbókasafns hafa eða öður ekki menntun eða reynslu af því að afgreiðsla úr skjölum borgarstofnana og meta hvort aðgangur sé heimill samkvæmt mismunandi löggjöf. Þar getur verið um að ræða til dæmis að veita aðgang að barnaverndarmálum, greiningargögnum, samningum frá fyrirtækjum borgarinnar.

Benda má að lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 segja í gr. 19. Um útlán skjala:

- *Afhendingarskyldir aðilar eiga rétt á að fá lánuð skjöl eða að fá afrit skjala sem þeir hafa afhent opinberu skjalasafni þurfi þeir á þeim að halda við störf sín.*
- *Opinberum skjalasöfnum er heimilt að lána skjöl til notkunar í öðrum opinberum skjalasöfnum, í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns eða öðrum söfnum og rannsóknarstofnunum ef aðstaða er þar til að varðveita skjöl tryggilega. Heimilt er að binda slíka útlán skilyrðum um viðhlítandi öryggisráðstafanir til varðveislu skjalanna. Önnur útlán skjala en um getur í 1. og 2. mgr. eru að jafnaði óheimil.*

Ekki er vitað til þess að Borgarbókasafnið hafi slíka aðstöðu eða geti uppfyllt þau skilyrði sem gerð eru til skjalasafna.

Ekkert kemur fram í skýrslu KPMG hvað verði um um 700 einkaskjalasöfn sem Borgarskjalasafni hefur tekið að sér að varðveita.

Að lokum er lagt til að borgarráð taki ákvörðun um að fara alfarið í rafræna langtímarvarðveislu frá ákveðnum tímapunkti. Það væri styrkur fyrir Borgarskjalasafn og hefur verið gert á Norðurlöndum. Við það myndu skapast algjörlega nýjar forsendur við framtíðarskipulag og kostnað Borgarskjalasafns og mikilvægi þess innan Reykjavíkurborgar.



Svanhildur Bogadóttir
borgarskjalavörður



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík 24. febrúar 2023
Tilv. 2302232/0.7.3

Efni: Umsögn - Tillaga um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur

Vísað er í umsagnarbeiðni Reykjavíkurborgar dags. 21. febrúar sl. um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur. Tillaga liggur fyrir borgarráði að skilgreind lögbundin verkefni verði færð til Þjóðskjalasafns Íslands og að unnið verði að samkomulagi um slíkt fyrirkomulag. Með umsagnarbeiðninni fylgdi skýrsla KPMG. Umsögn Þjóðskjalasafns er eftirfarandi:

I.

Þjóðskjalasafn Íslands gegnir annars vegar hlutverki opinbers skjalasafns samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og hins vegar hlutverki framkvæmdaraðila opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar í umboði ráðherra sem fer með yfirstjórn hennar. Opinber skjalasöfn eru Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn sem starfa í samræmi við rekstrarleyfi. Sem opinbert skjalasafn hefur Þjóðskjalasafn sama hlutverk og þau 20 héraðsskjalasöfn sem starfa um landið, sbr. 13. gr. laga um opinber skjalasöfn. Sem framkvæmdaaðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar hefur Þjóðskjalasafn það hlutverk að setja reglur um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila, reglur um frágang og afhendingu skjala- og gagnasafna og að setja reglur um varðveislu og förgun skjala afhendingarskyldra aðila. Þá er það hlutverk safnsins að gera tillögu til ráðherra um hvort að veita skuli sveitarstjórn eða byggðasamlagi leyfi til að koma á fót héraðsskjalasafni til að sinna hlutverki opinbers skjalasafns og gefa út rekstrarleyfi því til handa að fengnu samþykki ráðherra og svo hafa eftirlit með rekstri héraðsskjalasafna, sbr. 8. gr. laganna.

II.

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands gagnvart rekstri héraðsskjalasafna er því lagalega fyrst og fremst að veita rekstrarleyfi til starfsemi héraðsskjalasafna og að hafa eftirlit með starfsemi þeirra. Þá hefur Þjóðskjalasafn ýmis önnur verkefni sem tengjast héraðsskjalasöfnum, s.s. úthlutun styrkja (rekstrar- og verkefnastyrkja) til héraðsskjalasafna að beiðni menningar- og viðskiptaráðuneytisins, sbr. 9. gr. laga um opinber skjalasöfn. Einnig hafa Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn um árabil haft árlega samstarfs- og samráðsfundi um málefni opinberra skjalasafna og unnið að sameiginlegri kynningu á starfsemi þeirra með Norræna skjaladeginum sem haldinn er annan laugardag í nóvember ár hvert. Eftir atvikum hafa Þjóðskjalasafn og héraðsskjalasöfn unnið saman að framkvæmd ýmissa verkefna, svo sem skráningu skjala. Auk þess veitir Þjóðskjalasafn héraðsskjalasöfnum ráðgjöf um ýmis fagleg málefni.

III.

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn getur sveitarstjórn sótt um leyfi til Þjóðskjalasafns Íslands um rekstur héraðsskjalasafns og sinna því hlutverki sem fram kemur í 13. gr. laganna. Sveitarfélög geta myndað byggðasamlag um rekstur héraðsskjalasafns í samræmi við IX. kafla sveitarstjórnarlaga. Ef sveitarstjórn, eða eftir atvikum byggðasamlag, ákveður að reka héraðsskjalasafn skal það fylgja lögum um opinber skjalasöfn um verkefni þess. Af ákvæðum laganna leiðir að sveitarfélögum er ekki skylt að reka héraðsskjalasafn heldur er þeim það heimilt. Rekstur héraðsskjalasafns er því lögheimilt verkefni sveitarfélaga en ekki lögskylt. Sveitarfélög sem ekki reka héraðsskjalasafn eða eru aðilar að slíku safni eru afhendingarskyld samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn til Þjóðskjalasafns Íslands.

Í dag er staðan þannig að 46 sveitarfélög reka héraðsskjalasafn eða eru aðilar að slíku safni en 18 sveitarfélög eru það ekki og eru því afhendingarskyld með sín skjöl til Þjóðskjalasafns Íslands. Í lögum um opinber skjalasöfn er ákvæði um að sveitarfélög sem afhenda Þjóðskjalasafni skjöl sín greiði fyrir vörslu þeirra samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu sem varð að lögum um opinber skjalasöfn er þetta ákvæði sett fram „til að tryggja jafnræði milli sveitarfélaga hvað varðar kostnað vegna lögbundinnar vörslu og meðferðar opinberra skjala þar sem sveitarfélög ýmist greiði kostnað vegna reksturs héraðsskjalasafns eða vegna skila á afhendingarskyldum gögnum til Þjóðskjalasafns“. Í desember 2021 var gjaldskrá Þjóðskjalasafns sett þar sem kveðið er á um vörslugjald sem sveitarfélög skuli greiða til Þjóðskjalasafns fyrir skjöl sem þau hafa afhent þangað til varðveislu.

IV.

Með lögum um opinber skjalasöfn er því farin sú leið að sveitarfélög hafi val um hvernig langtímavarðveislu skjalasafna þeirra sé háttað, þ.e. að annað hvort sjái þau sjálf um langtímavarðveislu með því að reka héraðsskjalasafn eða vera aðili að slíku safni, eða að afhenda skjöl sín til Þjóðskjalasafns Íslands. Hvor leiðin sem valin er felur í sér kostnað fyrir sveitarfélög í langtímavarðveislu skjalasafna þeirra. Er þetta í samræmi við sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga um að þau ráði málum sínum sjálf eftir því sem lög ákveða, sbr. 1. mgr. 78. gr. stjórnarskrárinnar. Þjóðskjalasafn Íslands gefur því ekki umsögn um hvort að sveitarfélag skuli reka héraðsskjalasafn eða ekki, enda er það ákvörðun hvers sveitarfélags hvernig þeim málum skuli háttað. Yfirstjórn opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar er í höndum menningar- og viðskiptaráðherra sem tekur ákvörðun um hvernig brugðist verði við mögulegri beiðni Reykjavíkavíkurborgar.

V.

Þjóðskjalasafn telur þó rétt að benda á nokkur atriði tengd skýrslunni.

Þar ber fyrst að nefna söfnun og varðveislu einkaskjalasafna. Í 1. mgr. 16. gr. laga um opinber skjalasöfn er heimildaákvæði um að opinberum skjalasöfnum sé heimilt að taka við skjölum annarra en afhendingarskyldra aðila (einkaskjalasöfn) til varðveislu. Söfnun og varðveisla einkaskjalasafna er mikilvægur þáttur í starfsemi allra opinberra skjalasafna og hefur mikið menningarlegt gildi fyrir samfélagið. Héraðsskjalasöfn, þ.m.t. Borgarskjalasafn Reykjavíkur,

hafa sinnt söfnun og varðveislu einkaskjalasafna á sínum safnsvæðum í gegnum tíðina vel. Ef breytingar verða gerðar á rekstri Borgarskjalasafns er mikilvægt að taka yfirvegaða ákvörðun um hvernig varðveislu einkaskjala verður háttað á safnsvæði Borgarskjalasafns, annað hvort áfram í samhengi við afhendingarskyldu skjölin eins og þau hafa verið í Borgarskjalasafni, eða að varðveisla þeirra sé tryggð með öðrum hætti. Einkaskjöl eru mikilvægur hluti fyrir varðveislu sögunnar á landsvísu, bæði hjá héraðsskjalasöfnum og Þjóðskjalasafni Íslands.

Í öðru lagi er rétt að benda á að ef Reykjavíkurborg ákveður að hætta starfsemi Borgarskjalasafns Reykjavíkur kann að verða nauðsynlegt að endurskoða heimildir Þjóðskjalasafns til gjaldtöku vegna þjónustu við sveitarfélög almennt. Í lögum um opinber skjalasöfn er eingöngu heimild fyrir safnið að taka gjald fyrir vörslu skjala sveitarfélaga, en ekki fyrir aðra þjónustu sem safnið veitir afhendingarskyldum sveitarfélögum og er nauðsynleg þjónusta til afhendingarskyldra aðila, s.s. ráðgjöf um skjalahald þeirra og eftirlit með því, afgreiðslu úr skjalasöfnunum og miðlun heimilda. Borgarskjalasafn er stórt skjalasafn og Reykjavíkurborg stærsta sveitarfélag landsins. Þjóðskjalasafn þyrfti því sennilega auknar fjárveitingar til viðbótar vegna aukins umfangs verkefna og mun Þjóðskjalasafn leita eftir afstöðu menningar- og viðskiptaráðuneytisins ef til kæmi.

Í þriðja lagi er í skýrslunni nefnt að sveitarfélagasvið gæti verið stofnsett innan Þjóðskjalasafns. Það er ekki leið sem hefur verið skoðuð í Þjóðskjalasafni, enda er þeim sveitarfélögum sem nú heyra undir Þjóðskjalasafn sinnt með sama hætti og afhendingarskyldum aðilum ríkisins enda sömu lög og reglur sem gilda um skjalahald þeirra. Afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns eru hátt í 500. Það skipulag myndi ekki breytast þótt Reykjavíkurborg, stofnanir þess og fyrirtæki yrðu afhendingarskyldir aðilar til Þjóðskjalasafns. Möguleikar á að flytja starfsfólk með sérþekkingu frá Borgarskjalasafni til Þjóðskjalasafns væru ekki háðir stofnun slíks sviðs.

Að lokum er áréttað að komi til þess að Reykjavíkurborg taki ákvörðun um að óska eftir samstarfi við Þjóðskjalasafn eða um að taka við gögnum Borgarskjalasafns, þá mun Þjóðskjalasafn Íslands bíða afstöðu og ákvörðunar menningar- og viðskiptaráðuneytisins til þessara miklu breytinga.

Virðingarfyllst,



Hrefna Róbertsdóttir
þjóðskjalavörður



Njörður Sigurðsson
aðstoðarþjóðskjalavörður

Samrit sent menningar- og viðskiptaráðherra Lilju D.
Alfreðsdóttur



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Ráðhús Reykjavíkur
b.t. Bjarna Þóroddssonar
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Reykjavík 28. febrúar 2023

2302019SA KB/kó
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn vegna tillögu um framtíðarhögun á starfsemi Borgarskjalasafns

Vísað er til tölvuskeytis af hálfu Reykjavíkurborgar, dags. 21. febrúar 2023. Meðfylgjandi tölvuskeytinu var bréf borgarstjóra til borgarráðs, dags. 14. febrúar 2023, ásamt fylgiskjölum, m.a. skýrsla/valkostagreining frá KPMG í tengslum við framtíðarfyrirkomulag Borgarskjalasafns. Í tölvuskeyti til sambandsins var tekið fram að gögn málsins væru trúnaðarmerkt þar sem málið væri enn til vinnslu innan borgarráðs. Var sambandinu veitt tækifæri til þess að veita umsögn sína og frestur tilgreindur til 28. febrúar 2023.

Í tilvitnuðu bréfi borgarstjóra til borgarráðs kemur m.a. eftirfarandi fram:

“Lagt er til að borgarráð samþykki að starfsemi Borgarskjalasafns taki breytingum í samræmi við valkost þrjú í meðfylgjandi skýrslu KPMG um framtíðarhögun á starfsemi safnsins og verði verkefninu flýtt eins og kostur er. [...] Í tillögunni felst því að Borgarskjalasafn verður lagt niður í núverandi mynd.”

Ennfremur kemur eftirfarandi fram:

„Áskoranir í starfsemi Borgarskjalasafns og Þjóðskjalasafns á næstu árum eru að miklu leyti þær sömu. Því er það talin skynsamleg nýting fjármuna að uppbygging innviða í málaflokknum sé á hendi einnar stofnunar sem lögum samkvæmt þjónar þegar landinu öllu, þar með talið þeim sveitarfélögum sem ekki reka héraðsskjalasöfn. Slík tilhögun er líkleg til lengri tíma litið ekki aðeins að skila lægri kostnaði heldur einnig betur sérhæfðum húsakosti til framtíðar, öflugum upplýsingatækniinnviðum, betri nýtingu sérþekkingar og stórbættri þjónustu við almenning, fyrirtæki, og stofnanir.“

„Sveitarfélögum er heimilt en ekki skylt að starfrækja héraðsskjalasafn...[...] Engar lagalegar hindranir eru samkvæmt ofangreindu fyrir því að færa lögbundin verkefni alfarið til Þjóðskjalasafns, né heldur fyrir því að fela Borgarsögusafni og/eða öðrum menningarstofnunum borgarinnar að sjá um fræðslu og miðlun þegar kemur að safnkosti Borgarskjalasafns“

Af þessu tilefni og í ljósi fyrirliggjandi gagna tekur sambandið fram, líkt og rakið er í fyrrnefndum gögnum frá Reykjavíkurborg, að sveitarfélögum ber engin skylda til þess að starfrækja héraðsskjalasafn innan sinna staðarmarkna enda þótt þeim sé það heimilt, sbr. ákvæði laga um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014. Sveitarstjórn, ein eða fleiri saman, getur þannig sótt um leyfi til Þjóðskjalasafns Íslands til reksturs héraðsskjalasafns til að varðveita skjöl sveitarfélagsins og sinna hlutverki opinberra skjalasafna, eins og það er skilgreint í fyrrnefndum lögum, en ber ekki skyldu til þess.

Sambandið hefur áður veitt umsögn sína í tengslum við drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna sem birtist í samráðsgátt stjórnvalda hinn 13. febrúar 2020. Í umsögn sambandsins voru m.a. gerðar athugasemdir við það að reglugerðin hafi ekki verið kostnaðarmetinn m.t.t. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, enda var ljóst af efni reglugerðarinnar að hún myndi hafa í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka fyrir héraðsskjalasöfn og þar með sveitarfélög.

Ljóst er að stafræn framþróun í skjalavörslu er mikil áskorun fyrir sveitarfélög landsins. Að mati sambandsins þarf að leggja megin áherslu á að stafræn móttaka skjala sé í lagi og að íhuga þurfi vel hvernig þeim málum er háttað til framtíðar enda ljóst að það þarf að fjárfesta í miklum innviðum til að tryggja skilvirka skjölun til framtíðar. Að áliti sambandsins er þörf á sameiginlegri framtíðarsýn ríkis og sveitarfélaga um hvernig þeirri áskorun verði mætt á hagkvæman og skilvirkan hátt.

Að öðru leyti en framangreindu hefur sambandið ekki frekar athugasemdir við þau skjöl sem send voru sambandinu til umsagnar hinn 21. febrúar s.l.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri